



**SILJA HAUKSDÓTTIR**  
Á ferðalagi í Svasílandi  
Lagði Sigur Rós og Unicef lið  
FÓLK 38



**GUNNAR HILMARSSON**  
Íslensk tískuvika í nóvember  
Sjöunda tískuvikan haldin í ár  
FÓLK 38



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. október 2006 — 270. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Rokk í hálfra öld

Fyrstu rokkstjórnur Íslands ætla að halda upp á 50 ára afmæli vaggis og veltu hér á landi í Salnum í Kópavogi.



TÍMAMÓT 24

### Átta smalar í símaskránni

Þrjú hugsuðir, sex sérfræðingar og einn fyrrverandi ljónatemjari.



TILVERAN 16

### Leynibjónusta Sjálfstæðisflokksins

„Eitt af verkefnum leynibjónustunnar var að koma í veg fyrir að menn með óæskilegar skoðanir fengju vinnu hjá bandaríska hernum,“ segir Óssur Skarphéðinsson.

Í DAG 20


### Svíarnir sigurveirar

Sænskir fjölmiðlar telja Íslendinga litla hindrun fyrir sænska landsliðið í leik liðanna í undankeppni EM á miðvikudag.



ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG



**PURRT NORÐAUSTAN TIL** - Í dag verður norðaustan 8-13 m/s á Vestfjörðum og Snæfellsnesi, annars mun hægari. Þurrkt að mestu norðaustan til, annars skúrir en hætt við slýdduéljum á Vestfjörðum. Hiti 3-12 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

## Marel verður stærst í heimi með Stork

Stjórn og hluthafar fyrirtækjasamstæðunnar Stork N.V. í Hollandi takast á um stefnumál. Marel horfir til þess að verða stærsta matvælavinnslukerfayfyrirtæki í heimi með yfirtöku á Stork Food Systems.

**VIÐSKIPTI** Komi til samruna Mar- els hf. og matvælavinnslukerfa- hluta Stork-samstæðunnar hol- lensku verður til stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heim- inum.

Boðað hefur verið til hluthafa- fundar í Stork-samstæðunni á fimmtudag þar sem kosið verður um þá tillögu stærstu hluthafa- nna, bandarísku fjárfestingar- sjóðanna Centaurus Capital og Polson & Co., að selja margvís- lega starfsemi frá kjarnastarf- semi Stork sem er flugiðnaður. Þar á meðal yrði selt frá sam- stæðunni Stork Food Systems.

Marel á, ásamt Landsbankan- um og Eyri Invest, átta prósentu hlut í Stork og hefur síðustu átta

ár starfað náði með Stork Foods.

Talið er nánast öruggt að atkvæði falli þannig á fimmtudag- inn að Stork verði skipt upp, en fjárfestingarsjóðirnir tveir, sem fóru fram á fundinn, ráða yfir um 32 prósentum hlutfjár í samstæð- unni. Marel hefur ekki enn viljað gefa upp hvernig fyrirtækið kys, en ljóst er að samruni við Stork Foods er í samræmi við áætlanir félagsins. Marel hefur líka nýlok- ið hlutfjárútbóði og hefur burði til að ráðast í verkefnið.

Framtíð Stork er deiluefni í Hollandi, enda á félagið sér þar 179 ára sögu. Í fjölmiðlaumfjöllun hefur málum verið stillt upp á þann veg að þar takist á andstæð- ir pólar kaldrar peningahyggju

bandarísku fjárfestingarsjóðanna og eldri gilda sem forstjóri félags- ins standi fyrir. Forstjórinn, Sjoerd Vollebrecht, er á móti skiptingu félagsins og hefur meiri áhuga á stækkun, svo sem með yfirtöku á Marel.

„Stjórnendur Stork og Marel eru sammála um að þessi fyrir- tæki séu fremst á sínu sviði og passi vel saman. Sjóðirnir vilja skerpa áherslur og að Stork ein- beiti sér að grunnþættinum, flug- iðnaði. Við erum sammála báðum,“ segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel en segir ljóst að nú sé einstakt tækifæri til að búa til heimsleiðtoga á sviði matvælaframleiðslu.

- óká / sjá síðu 6



DEWINTER OG DÓTTIR HANS Leiðtogi Flæmska hagsmunaflokksins á kjörstað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hægri sveifla í Belgíu: Andstaða við innflytjendur

**BELGÍA, AP** Ríkisstjórnarflokkarnir í Belgíu biðu ósigur í sveitar- stjórnarkosningum í gær. Sigurvegarar kosninganna voru hægri flokkur, ekki síst Flæmski hagsmunaflokkurinn sem berst hatrammlega gegn innflytjendum.

„Í eðlilegu lýðræðisríki ætti flokkur sem eykur fylgi sitt yr- engu í 33 prósent á 24 árum að vera þátttakandi í meirihluta- stjórn,“ segir Filip Dewinter, leiðtogi Flæmska hagsmuna- flokksins, sem jók verulega við fylgi sitt í flestum kjördæmum landsins.

- gb



YOKO ONO Friðarsúlunni í Viðey er ætlað að tákna vonargeisla fyrir þá sem dreymir um heimsfrið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yoko staðfestir áform um friðarsúluna sem reist verður í Viðey að ári liðnu:

## Friðarsúla sem lýsir að eilífu

**FRIDARSÚLA** Myndlistarkonan og friðarsinninn Yoko Ono staðfestir í dag áform sín um friðarsúluna sem rísa á í Viðey. Áætlað er að kveikja á súlunni að ári liðnu, 9. október 2007 en dagurinn í dag er fæðingardagur Johns Lennons. Súlan mun lýsa í nafni friðar.

Yoko sagði á blaðamannafundi í gær að videigandi væri að súlan yrði reist á Íslandi. „Ég var alltaf sannfærð um að hugmyndin yrði að veruleika og mér finnst þetta góður tími þar sem veröldin þarf á ljósi að halda sem mun lýsa að eilífu.“

Botn súlunnar verður fylltur með bænnum og óskum fólks frá öllum þjóðum heimsins og segir Yoko að hún geymi nú yfir 900 þúsund óskir sem sendar verði til

„Friðarsúlunni er ætlað að tákna vonargeisla fyrir þá sem dreymir um heimsfrið.“

YOKO ONO MYNDLISTARKONA OG FRIDARSINNI

Reykjavíkur. „Friðarsúlunni er ætlað að tákna vonargeisla fyrir þá sem dreymir um heimsfrið.“


Friðarsúluna verður um tuttugu metra há verður mis- sýnileg eftir veðurskilyrðum.

Í dag afhendir Yoko styrki úr „Lennon Ono Grant for Peace“ friðarsjóðnum. Afhentir verða tveir styrkir að verðmæti 50 þúsund dalir hvor. Annar styrkurinn fer til alþjóða heilbrigðis- og mannúðarsamtakanna, Læknar án landamæra, en hinn til góðgerðarsamtaka sem ber- ast fyrir stjórnarskrárvörðum rétti fólks um allan heim til friðar, sannleika og mannrétt- inda.

- hs

LESTUR MEÐAL 18-49 ÁRA

Lestur á fasteignablöð



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

**Endurgreiðsla vegna rannsóknar- og þróunarstarfs**  
- Ávinningur fyrir alla -  
Morgunverðarfundur á Grand Hótel þriðjudaginn 10. október frá 8:30 til 10:00  
Tekið er við skráningu á fundinn í síma 591 0100 eða á skráning@si.is. Sjá nánar á www.si.is  
SI Samtök iðnaðarins



Gunnar, fuðraði hreinsunareldurinn upp?

„Það loga eldar í kringum páfa og hreinsunareldurinn hefur fuðrað upp í þeim.“

Allt stefnir í að hreinsunareldurinn verði afnuminn úr kaþólski trú, en þangað fara sálir óskírðra barna, samkvæmt kenningunni. Gunnar Þorsteinsson er forstöðumaður Krossins.

Kapphlaupi um sýningarréttinn á Evrópukeppninni í knattspyrnu 2008 að ljúka:

## RÚV í viðræðum um EM 2008

**SJÓNVARP** Ríkisútvarpið er komið í formlegar viðræður um kaup á sýningarrétti á Evrópukeppninni í knattspyrnu 2008 sem fram fer í Sviss og Austurríki. Sýn og Skjásport sóttust einnig eftir réttinum, en nú stefnir allt í að RÚV hreppi hnossið.

„Við höfum ekki viljað keppa við einkastöðvarnar um deildarkeppnir í knattspyrnu, en við erum inni í myndinni þegar kemur að Ólympíuleikum, Evrópukeppnum og heimsmeistaramótum þar sem landslið eiga í hlut,“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins. „Það er kannski ekki líklegt eftir útreið okkar í Lettlandi á laugardaginn, en

það er fræðilegur möguleiki að Íslendingar komist á mótið. Við höfum viljað fylgja íslenskum landsliðum eftir á stórmótum.“

Nýverið var Ríkisútvarpinu boðið til viðræðna við Knattspyrnusamband Evrópu og Sport 5. „Þetta er ekki komið í höfn, en við höfum 60 daga til viðræðna.“

Páll vildi hvorki neita því né staðfesta að kostnaðurinn við sýningarréttinn væri um 100 milljónir króna. „Tilboðið er metið út frá fleiri þáttum en verðinu, til dæmis hversu marga leiki sjónvarpsstöðin er tilbúin að sýna í opinni dagskrá. Ég geri ráð fyrir að sjónvarpsútsendingar okkar verði komnar í



**GRIKKIR FAGNA** Grikkir urðu Evrópumeistarar árið 2004 þegar keppnin fór fram í Portúgal.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

stafrænt form fyrir árið 2008, sem gerir okkur tæknilega mögulegt að leysa áreksra í dagskrá eða sýna tvo leiki samtímis,“ segir Páll. -sgj

Mál Jónínu Ben gegn 365:

## Dómssátt ólíkleg niðurstaða

**DÓMSMÁL** Málsaðilar í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn 365 fjölmiðlum íhuga nú möguleika á dómssátt. Málið höfðaði Jónína vegna umfjöllunar DV um samband hennar við Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, með fyrirsögninni: „Þau voru elskendur“.

„Það eina sem vakir fyrir mér er að sjá til þess að þetta gerist aldrei aftur,“ segir Jónína.

„Ég tel frekar minni líkur á því en meiri að samkomulag náist,“ segir Jón Magnússon, lögmaður 365. „Hugmyndin kom frá lögmanni Jónínu og við erum að skoða málið.“ -sgj



**VAIRA VIKE-FREIBERGA** Forseti Lítháens greiddi atkvæði í Jurmala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar í Lítháen:

## Stjórnin náði meirihluta

**RIGA, AP** Samsteypustjórnin í Lítháen náði naumlega meirihluta í þingkosningum sem haldnar voru þar á laugardag, en hún hefur til þessa verið minnihluta-stjórn. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkisstjórn í landinu fellur ekki í kosningum frá því að það varð sjálfstætt árið 1991.

Þriggja flokka samsteypustjórn, undir forystu Aigars Kalvītis forsætisráðherra, hlaut 51 þingsæti af alls hundrad, en það er sex þingsætum fleira en stjórnin hefur haft. -gb

### STJÓRN MÁL

#### Varnarsamningur

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra halda í dag til Bandaríkjanna til að undirrita nýjan varnarsamning.

### LÖGREGLUFRÉTT

#### Hraðakstur

Tíu manns voru teknir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi í gær. Sá sem hraðast ók var á 130 km hraða.

## Var að ljúka grein um pyntingar í Tsjetsjeníu

Rússneska blaðakonan Anna Politkovskaja vann að grein um pyntingar og mannhvörf í Tsjetsjeníu þegar hún var myrt. Starfsfélagar hennar treysta ekki stjórnvöldum í Rússlandi og ætla sjálfir að rannsaka morð hennar.

**MOSKVA, AP** Stjórnvöld í Rússlandi héttu því í gær að hafa uppi á morðingja fréttakonunnar Önnu Politkovskaja, sem myrt var á laugardag. Starfsfélagar hennar á blaðinu Novaya Gazeta, þar sem hún starfaði, treysta þó varlega á þau loforð og ætla sjálfir að hefja rannsókn á morði hennar. Þeir eru þess fullvissir að hún hafi verið myrt vegna skrifta sinna, en hún hefur gagnrýnt harðlega stríðsrekstur Vladímírs Pútín forseta í Tsjetsjeníu.

Þeir segja að hún hafi ætlað að birta í blaðinu í dag grein um pyntingar og mannrán í Tsjetsjeníu, byggða á viðtölum við sjónarvotta og með myndum af fórnarlömbum pyntinga.

„Okkur barst aldrei greinin, en hún hafði sannanir fyrir þessu og hafði undir höndum ljósmyndir,“ sagði Vitalí Jerúshenski, aðstoðarritstjóri blaðsins, í viðtali við rússneska útvarpsstöð.

Anna Politkovskaja fannst látin á laugardaginn í lyftu í húsinu þar sem hún bjó í Moskvu. Hún var særð tveimur skotsárum. Skammbýssa og fjórar byssukúlur fundust hjá líkinu.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa krafist þess af rússneskum stjórnvöldum að ítarleg rannsókn verði gerð á morðinu.

Oleg Orlov hjá mannréttindasamtökunum Memorial segist viss um að Politkovskaja hafi verið myrt að undirlagi þeirra sem bera ábyrgð á mannréttindabrotum í Tsjetsjeníu.

Politkovskaja var einn af sárfaðum blaðamönnum í Rússlandi



**MÓTMÆLI Í MOSKVA** Morðið á Önnu Politkovskaja varð aðalefni mótmælafundar í Moskvu í gær, þar sem upphaflega átti að mótmæla því að meira en hundrad Georgíumenn voru reknir úr landi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem fjölluðu um mannréttindabrot í Tsjetsjeníu. Hún hefur gagnrýnt harðlega Ramzan Kadyrov, sem er forsætisráðherra í Tsjetsjeníu með stuðningi rússneskra stjórnvalda. Hún hefur einnig reitt aðra ráðamenn til reiði, þar á meðal rússneska herinn með umfjöllun sinni um hann. Á hinn bóginn hefur hún unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir skrif sín.

Fleiri þekktir blaðamenn, sem

höfðu gagnrýnt stjórnvöld í Rússlandi, hafa verið myrtir síðan Vladímír Pútín forseti komst til valda árið 2000. Þekktastur þeirra var Paul Klebnikov, ritstjóri rússnesku útgáfunnar af viðskiptatímaritinu Forbes, en hann var myrtur í júlí árið 2004. Tveir Tsjetsjenar voru á sínum tíma ákærðir fyrir það morð, en þeir voru látnir lausir fyrir á þessu ári.

gudsteinn@frettabladid.is

þjófnaður við sendiráð Rússa:

## Skiluðu fánanum til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn skiluðu rússneska fánanum í gærmorgun en honum hafði verið stolið aðfaranótt laugardags úr garði rússneska sendiráðsins við Garðastræti 33 í Reykjavík.

Starfsmenn rússneska sendiráðsins tilkynntu um þjófnaðinn til lögreglu snemma morguns á laugardag og hóf lögreglan strax að rannsaka málið. Fljótlega fékk lögreglan afhent myndefni sem náðist á eftirlitsmyndavél við sendiráðið sem sýndu mennina þrjá vera að stela fánanum. Að sögn lögreglu náðust skýrar myndir af mönnum þremur sem sýndu greinilega hverjir voru að verki. Rússneska sendiráðið hefur þegar kært þjófnaðinn til lögreglu. -mh

Norðvesturkjördæmi:

## Sjálfstæðismenn stilla upp

**STJÓRN MÁL** Ákveðið hefur verið að stilla upp á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í vor.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Þetta var samþykkt á þingi kjördæmaráðs flokksins um helgina.

Í síðustu kosningum fékk flokkurinn þrjá þingmenn kjörna í kjördæminu: Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra, sem leiddi listann, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Einar Odd Kristjánsson.

Tveir ungir sjálfstæðismenn sækjast eftir sæti á listanum. Þeir eru Bergþór Ólason, aðstoðarmaður samgönguráðherra, og Borgar Þór Einarsson, formaður SUS og stjúpsonur forsætisráðherra. -sgj

Eitt ár liðið frá jarðskjálftanum mikla í Asíu:

## Nærri hálf milljón manna er enn á vergangi í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Pakistanar minnstust þess í gær að eitt ár var liðið frá því að jarðskjálftinn mikli reið þar yfir. Eftir var til mínútuþagnar til að minnast þeirra sem fórust og haldnar voru minningarathafnir víða um land.

Meira en átta tíu þúsund manns fórust þegar skjálftinn, sem mældist 7,6 stig á Richter kvarða, varð þann 7. október árið 2005. Þrjár og hálf milljón manna missti heimili sitt og enn er nærri hálf milljón á vergangi.

Einn þeirra, sem enn hafa ekki fundið sér samastað, er Mohammad Shafiq, sem barðist við tárinn þegar hann og synir hans sátu við legsteina móður þeirra og systur. Hann býr enn í tjaldi.

„Ég veit ekki hvað gerist í lífi mínu, í framtíðinni. Það er eins og ekkert hafi breyst frá því að hamfarirnar urðu,“ sagði hann og sagðist ekki eiga sér mikla von.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hélt í gær til borgarinnar Muzaffarabad, höfuðborgar pakist-



**HAMFARANNA MINNST Í BÆN** Eftir var til bænastundar í Muzaffarabad klukkan 8.52 í gærmorgun að staðartíma, en á þeirri mínútu hófst jarðskjálftinn fyrir réttu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

anska hlutans í Kasmírheraði þar sem jarðskjálftinn olli mestu tjóni. Þar tók hann þátt í hátíðlegri minningarathöfn þar sem fólk stóð kyrrt í þögn í borginni, sem venjulega iðar af lífi. -gb

### BÍLL DAGSINS

#### SUBARU FORESTER TURBO

Nýskr. 07.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 100 þús. - Allt að 100% lán.



Verð  
1.190.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

120 1886  
2006

# Farandleikhús Landsbankans HÁTÍÐARSTEMNING HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ

Frumskýning miðvikudaginn 11. október í Aðalbankanum, kl. 11:30  
og í Akureyrarútibúi kl. 16:00.

Við fögnum áfram 120 ára afmæli okkar og höldum hátíð í útibúum Landsbankans, hringinn í kringum landið, dagana 11. október til 7. nóvember.

Farandleikhús Landsbankans sýnir:  
Brof úr sögu banka, leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans, árin 1886–2006, í tónum og tali.

Handrit: Felix Bergsson. Leikstjóri: Valur Freyr Einarsson.  
Leikarar: Björgvin Franz Gíslason, Jakob Þór Einarsson og Kristjana Skúladóttir. Valdimar Kristjánsson stjórnar lifandi tónlist.

Nánari upplýsingar um tímasetningar annarra útibúa-  
hátíða er að finna á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is). Aðeins verður ein sýning í hverju útibúi.

Veitingar í boði og allir hjartanlega velkomnir.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



Sproti laumar sér með í farandhópin  
og syngur, dansar og skemmtir börnunum  
að sögusýningunni lokinni.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,91 68,23
Sterlingspund	127,49 128,11
Evra	86,06 86,54
Dönsk króna	11,541 11,609
Norsk króna	10,21 10,27
Sænsk króna	9,282 9,336
Japanskt jen	0,5750 0,5784

SDR	100,26	100,86
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	118,8299	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Hrafninnutaka við Hrafninnusker vegna viðgerða á Þjóðleikhúsinu er umdeild:

# Aðeins lítil hluti af heildinni

**HRAFNTINNUTAKA** Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir fimmtíu tonn af Hrafninnu, sem tekin voru á friðlýstu svæði við Hrafninnusker til þess að nota við klæðningu Þjóðleikhússins, vera aðeins lítil hluti af því magni sem er að finna á Hrafninnu við Hrafninnusker.

Hrafninnutakan hefur fallið í grýttan jarðveg hjá velunnurum svæðisins við Hrafninnusker. „Það var mat sérfræðinga að það væri hægt að ná í þetta efni án þess að ganga nærri svæðinu. Þetta eru samtals fimmtíu tonn en á því svæði sem var skoðað voru um fjögur hundruð tonn. Í heild

eru meira en fimm þúsund tonn á svæðinu þannig að þetta er lítið brot af heildinni,“ segir Davíð.

Hann segist jafnframt líta svo á að uppbygging Þjóðleikhússins þjóni mikilvægu hlutverki fyrir íslenska menningu. „Við höfum lítið svo á að menningarsaga Íslands sé hluti af hinni eiginlegu náttúruvernd. Við teljum Þjóðleikhúsið vera mikilvægan hluta af menningarhlutverki þjóðarinnar og útlit hússins.“

Á tveimur stöðum á Íslandi er hægt að finna Hrafninnu í umtalsverðu magni, í nágrenni við Kröflu á Mývatnssvæðinu og við Hrafninnusker. - mh



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Klæðning hússins verður lögð með hrafninnu úr Hrafninnuskeri og eru ekki allir sáttir við það.

Kjarnorkuver í Japan:

## Sjávargróður truflar orkuver

**JAPAN, AP** Draga þurfti úr orkuframleiðslu í kjarnorkuverinu Higashidori í Japan um sextíu prósent vegna þess að sjávargróður komst í vatnsinntak á föstudaginn og olli því að skortur varð á kælivatni.

Starfsmenn kjarnorkuversins unnu hörðum höndum um helgina að því að fjarlægja sjávargróðurinn, sem barst í inntakið þegar mikið óveður geislaði á norðvestanverðu landinu á föstudaginn.

Talið er það taki nokkra daga áður en reksturinn kemst í samt lag á ný.

- gb

Bruni skammt frá Akureyri:

## Hús brann til kaldra kola

**BRUNI** Engin slys urðu á fólki er eldur braust út í íbúðarhúsi á bænum Búlandi skammt frá Hjalteyri í Eyjafirði í gær. Fjölskyldan í húsinu vaknaði upp við hljóð í reykskynjara og tókst að koma sér út úr húsinu og varð ekki meint af.

Lögreglan á Akureyri fékk tilkynningu um brunann rétt fyrir sjó í gærmorgun og var allt tiltækt slökkvilið kallað út. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en mikill reykur var í húsinu og skemmdist það töluvert.

Lögreglan á Akureyri er enn að rannsaka eldsuðtök. - mh

Skákveisla í Ráðhúsinu:

## Hrannar bar sigur úr bítum

**MENNING** Skákmót var haldið í Ráðhúsinu í gær í tilefni af Alþjóða geðheilbrigðisdeginum.



HELGI ÓLAFSSON

Hrannar Baldursson bar sigur úr bítum en hann keppti fyrir hönd Hróksins. Þórður Harðarson sigraði í flokki sextíu ára og eldri, Elsa María Þorfinnsdóttir í flokki

barna þrettán til átján ára og hinn ungi Dagur Ragnarsson í flokki tólf ára og yngri. Á undan mótinu tefldi Helgi Ólafsson stórmeistari við fjórtán mótherja og hlaut hann Íslandsbók Páls Stefánssonar í laun frá Eddu útgáfu.

Að mótinu stóðu Hrókurinn, Skákkfélagið Vin, Kátu biskuparnir og Skákípróttafélag Háskólans í Reykjavík. Fjórutíu keppendur á öllum aldri tóku þátt í mótinu sem heppnaðist stórvel og lögðu fjölmargir leið sína niður í Ráðhús Reykjavíkur til að fylgjast með bæði fjöltefli og skákmóti. - áp

## Flóttinn af landsbyggðinni

59 af 79 sveitarfélögum á landinu eru á góðri leið með að fara í eyði ef tekið er mið af kenningum tveggja bandarískra landsfræðinga. Fjallað hefur verið um byggðapróun á Íslandi út frá þeim kenningun í greinarflokki í Fréttablaðinu undanfarið.

### SÉRSTÖK ÁHERSLA Á MENNINGU

„Við höfum lagt áherslu á atvinnuuppbyggingu, samgöngur og heilbrigðis-



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

þjónustu,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. „Við leggjum sérstaka áherslu á mennta- og menningarmál á landsbyggðinni, meðal annars með menningarsamningum sem við munum klára að gera við alla landshluta í haust. Þetta hefur einnig áhrif fyrir ferðaþjónustuna. Þetta tengist allt saman, að skapa umhverfi sem er þægilegra og skemmtilegra fyrir fólk til að búa í. Svo hefur stóriðja haft mikil áhrif á atvinnulíf og það þarf ekki annað en að horfa til Austurlands til að sjá lífandi dæmi þess. Þetta hefur gjörbreytt umhverfinu hér, bæði fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir íbúana til að lifa í þessu samfélagi. Fasteignaverð hefur hækkað og þannig er lengi hægt að telja.“ -sgj

### SMÆRRI BYGGÐIR ILLA SETTAR

„Við í Frjálslynda flokknum höfum lengi talið að nógildandi



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

útfræsla á sjávarútvegsmálum veiki hinar smærri byggðir,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Hægt er að taka atvinnuréttinn með því að flytja fiskivótann eftir geðþótta eiganda hans. Þetta sjáum við í smáum byggðum á Vestfjörðum og Norðausturlandi og nú síðast í Grimsey. Það er ekki hægt að saka fólk sem starfar í sjávarútvegi um þetta, heldur lagarammann. Þetta er óásættanlegt og ekki í átt við byggðastefnu. Samgöngumálin skipta einnig miklu máli. Sumir landshlutar hafa setið eftir, sem gerir samgöngur erfiðar og aðflutning dýran, sem skilar sér í herra vöruverði. Það þarf að tryggja að ungt fólk eigi aðgang að menntun í heimahögunum. Síðan skiptir aðgangur að menningu og mannlífi miklu máli.“ -sgj

### STÖRF MÁ FLYTJA MILLI LANDSHLUTA

„Við hljótum að líta það alvarlegum augum þegar þorri byggðarlaga



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

landsbyggðarinnar verður fyrir því að fólk fækkar og meðaltekjur lækka,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Fyrir þessu eru margvíslegar ástæður, en þetta hefur gerst mjög ört á síðastliðnum áratug. Það er ekki til nein einföld töfralausn til að snúa þessu við, en verulegar endurbætur í samgöngum og háhraða nettengingum skipta máli. Við höfum einnig sett fram hugmynd um störf án staðsetningar, að flytja ekki stofnanir út á land, heldur störf. Ég er viss um að milli þrjú til fjögur hundruð störf sem losna hjá hinu opinbera á hverju ári gætu vel átt heima úti á landi. Svo þarf að styðja við bakíð á útflutningsgreinum sem hafa átt erfitt uppdráttar vegna þenslu.“ -sgj

### STÓRIÐJAN HEFUR JÁKVÆÐ ÁHRIF

„Stefna okkar er sú að halda áfram með það starf sem hefur verið unnið og



JÓN SIGURÐSSON

er kennt við svokallaða vaxtar-samninga sem gerðir eru við sveitarfélög, fyrirtæki og samtök í einstökum landshlutum,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins. „Það hefur alla tíð verið meginstefnumið hjá framsóknarmönnum að efla byggðina í öllum byggðum landsins. Flokksþing Framsóknarflokksins mun koma saman í febrúar og móta stefnu, þannig að þessi málefni eru í vinnslunúna. Framkvæmdirnar á Austurlandi eru í hámarki núna og álverið í Reyðarfirði mun fara í gang á fyrri hluta næsta árs. Það hafa orðið umskipti í byggðapróuninni á Austurlandi, þar sem margir sækja um vinnu og Íslendingar búsettir erlendis koma heim með góða menntun til að starfa þarna. Ég geri ráð fyrir að álver við Húsavík muni hafa góð áhrif á þróunina þar.“ -sgj

### BYGGÐASTEFNAN METNAÐARLAUS

„Við teljum þetta alvarlegt mál og höfum flutt fjölda þingmála sem miða að því



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

ad bæta úr þessu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna. „Við höfum barist fyrir því að koma upp strandflutningum á nýjan leik og jafna flutningskostnað. Það hallar einnig á landsbyggðina hvað varðar fjaraskiptamál, til dæmis gagnaflutninga og GSM-kerfið. Byggðastefna stjórnvalda hefur verið metnaðarlaus og Byggðastefnun lömuð og peningalaus. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks reynir að kaupa sér fjarvistar-sönnun með því að benda á eitt álver og eina risa-framkvæmd í einum landshluta. Það er fráleitt að bera það fyrir borð fólks á Vestfjörðum og Norðausturlandi, sem er hreinlega þolendur þess ástands sem stóriðjustefnan hefur skapað.“ -sgj

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.


550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C	hálfskýjað	London	19°C	skúrir	Alicante	27°C	hálfskýjað
Þórshöfn	11°C	rigning	Paris	20°C	skúrir	Mallorca	24°C	hálfskýjað
Ósló	11°C	hálfskýjað	Frankfurt	18°C	hálfskýjað	Algarve	25°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	16°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	22°C	hálfskýjað	Krit	25°C	hálfskýjað
Gautaborg	15°C	léttskýjað	Berlín	20°C	hálfskýjað	Las Palmas	28°C	hálfskýjað

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hollt og gott á mánudegi

## Sjáðu þetta

### 40 spennandi tegundir

#### Meðal annars:

- Kjúklungur í kókóssósu
- Hummus
- Kjúklungabollur
- Ferskar melónur
- Blandaðir ávextir í jarðaberjaskyri
- Romain salat
- Kjúklungabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Ítalskt salat
- Heilhveiti pasta
- Salami salsa
- Kryddfeti í olíu
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætíþistill
- Hýðishrísgrjón

...og margt fleira

  
Hollt & Gott



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. t2 með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 31. október.



Mjólkurvörur  
í sérflokki



**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is



Kjöt & fisktorgið

### Ýsa í mexíkósósu

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.  
10-15 mínútur við um 200°C eða steikt  
á pönnu í um 20 mín.

**TILBOÐ**  
**798** kr/kg  
Verð áður 1.098,-

Gildir 9. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



Líkar þér við yfirmann þinn

**Já** 25%

**Nei** 75%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttastu hryðjuverk?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík lauk með verðlaunaafhendingum:

## Grbavica uppgötvun ársins

**MENNING** Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík lauk á laugardaginn með pomp og prakt og voru verðlaun veitt í hinum ýmsu flokkum. Aðalverðlaun hátíðarinnar sem nefnast „uppgötvun ársins“ gengu til bosnisku kvikmyndarinnar Grbavica eftir Jasmila Zbanic. Það var formaður dómnefndar, Niki Karimi, sem veitti verðlaunin en Grbavica heitir eftir samnefndu drama um eftirstríðsárin í Bosnía. Samtök kvikmyndagagnrýnenda og blaðamanna, FIPRESCI, veittu ensku kvikmyndinni Rauður vegur eftir Andrea Arnold sín verðlaun og danska kvikmyndin



**VERÐLAUNIN VEITT** Biskup Íslands Hr. Karl Sigurbjörnsson veitir hér verðlaun fyrir hönd íslensku þjóðkirkjunnar en þau hlaut þýska kvikmyndin Fjórar mínútur. Sendiherra Þýskalands á Íslandi, Johann Wenzl, tók við verðlaununum.

Draumurinn eftir leikstjórn Niels Arden Oplev hlaut áhorfenda-

verðlaun hátíðarinnar. Myndin er ein af vinsælustu kvikmyndum Dana það sem af er ári. Sérstök mannréttindaverðlaun voru einnig veitt á hátíðinni og þau féllu í skaut mexíkósku kvikmyndarinnar Af engum eftir Tin Dirdamal.

Að lokum veitti biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, verðlaun fyrir hönd íslensku þjóðkirkjunnar en þau hlaut þýska kvikmyndin Fjórar mínútur eftir Chris Klaus. Í rökstuðningi dómnefndar kirkjunnar segir að sagan í myndinni vekur upp spurningar um tilgang lífsins, frelsi, köllun og hæfileika. Kraftaverk endurlausnar og sigurs gerist á fjórum mínútum.

-áp

Bilvelta á Reykjanesbraut:

## Með minni háttar meiðsl

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertugur maður slapp lítið meiddur eftir að hafa ekið bifreið sinni út af á Reykjanesbraut í fyrrinótt. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til þar sem klippa þurfti manninn út úr bifreiðinni en hún valt utan vegar.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu um bilveltuna um hálf fimm leytið í fyrrinótt og fóru lögreglunnar á vettvang þegar í stað. Mildri þykir að ekki fór verr en að sögn varðstjóra í lögreglunni í Hafnarfirði leikur grunur á því að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður. Unnið verður áfram að rannsókn málsins.

-mh

Katrín Jakobsdóttir:

## Vill leiða lista

**STJÓRN MÁL** Katrín Jakobsdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti vinstri grænna í Reykjavíkurborgardæmum og



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Suðvesturkjördæmi. Forval flokksins mun fara fram 2. desember næstkomandi og mun þá koma í ljós hvort Katrín muni leiða annan hvorn þessara lista.

Katrín hefur starfað sem varaformaður vinstri grænna frá því í nóvember 2003 en áður var hún formaður Ungra vinstri grænna. Katrín er íslenskfræðingur að mennt og hyggst hún leggja áherslu á umhverfis- og jafnréttismál og berjast gegn aukinni misskiptingu í samfélaginu.

-áp

## LÖGREGLUFRETTIR

### Tekinn drukkinn

Karlmaður var tekinn ölvaður undir stýri í Kópavogi í fyrrinótt. Hann skapaði hættu með aksturslagi sínu en lögreglu tókst að stöðva manninn áður en skaði hlaut af.

### Slagsmál á Akranesi

Erilsamt var hjá lögreglunni á Akranesi í fyrrakvöld en töluvert var um ólæti meðal ungmenna í bænum. Var lögreglan meðal annars kölluð að teiti í heimahúsi vegna hópslagsmála sem brutust út meðal fólks á framhaldsskólaaldri sem var í húsinu. Lögreglunni tókst að leysa slagsmálin upp.

Fjórutíu árum síðar:

## Geislaungun loks fjarlægð

**SPÁNN, AP** Stjórnvöld á Spáni og Bandaríkjunum hafa náð samkomulagi um að fjarlægja geislaungun úr spænska bænum Palomares fjórutíu árum eftir að fjórar bandarískar kjarnorkusprengrur féllu á svæðinu eftir árekstur tveggja bandarískra herflugvéla.

Tvær af sprengrunum sprungu og dreifðu geislaþví efninu víða um sveitir. Áhafnir vélanna beggja fórust en ekkert manntjón varð á jörðu niðri.

Samkomulagið sem ríkisstjórnir landanna gerðu með sér felur í sér að bæði löndin taki þátt í kostnaði við hreinsunina. Hún getur hæglega tekið nokkur ár.

-áp



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON STJÓRNARFORMAÐUR OG HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI Marel hf. horfir til þess að tvöfalda stærð sína með því að taka yfir matvælavinnsluhluta hollenska stórfyrirtækisins Stork N.V. í Hollandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stefnir í að Marel tvöfalda stærð sína

Hluthafafundur tekur í vikunni afstöðu til sölu á hluta Stork-samstæðunnar í Hollandi. Marel, sem með Landsbankanum og Eyri á átta prósent í félaginu, horfir til yfirtöku á Stork Food Systems. Búinn yrði til risi á markaði matvælavinnslukerfa.

### VÍÐSKIPTI

Útlit er fyrir að Marel kaupi Stork Food Systems út úr Stork-samstæðunni á næstu mánuðum. Við samrunann yrði til stærsta fyrirtæki heims á sviði matvælavinnslukerfa með fimmtán til sextán prósent markaðshlutdeild. Marel er í dag eitt fjögurra stærsta fyrirtækja á sínu sviði, en hvert þeirra er með um átta prósent markaðshlutdeild.

LME ehf., sem Marel á fimmtungu í og Landsbankinn og Eyri Invest fjórutíu prósent hvor, hefur þegar keypt um átta prósent í Stork-samstæðunni með fjárfestingu upp á um tólf milljarða króna og er eignarhaldsfélagið í raun næststærsti hluthafinn eftir að bandarísku fjárfestingarsjóðirnar Centaurus Capital Ltd. og Poulson & Co. Inc. ákváðu að sameina krafta sína innan Stork. Bandarísku sjóðirnar ráða um 32 prósentum prósentum hlutfjár.

Á fimmtudag verður hluthafafundur að beiðni sjóðanna þar sem kosið verður um hvort selja eigi margvíslega starfsemi frá kjarnastarfsemi Stork, flugiðnaði sem er um sextíu prósent veltunnar. Yfirgnæfandi líkur eru talda á að félaginu verði skipt upp. Fari samrunaferli í gang gæti það gengið nokkuð hratt enda þekktast Marel og Stork Foods mjög vel og hafa átt í nánun samstarfi í átta ár.

Staða Stork hefur vakið mikla athygli í Hollandi þar sem fyrir-

tækið á sér 179 ára sögu. Fyrir helgi fjallaði Het Financieele Dagblad um málið í forsíðufrétt og leiðara og talaði um andstæða póla sem kristallist í kaldri peningahyggu bandarísku fjárfestingarsjóðanna og eldri gilda sem forstjóri félagsins standi fyrir. Forstjórinn, Sjoerd Vollebrecht,

„Við erum ekkert frekar á bandi hedge-sjóðanna en stjórnarinnar. Stjórnendur Stork og Marel eru sammála um að þessi fyrirtæki séu fremst á sínu sviði og passi vel saman. Sjóðirnir vilja skerpa áherslu og að Stork einbeiti sér að grunnþættinum, flugiðnaði.“

ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON, STJÓRNARFORMAÐUR MARELS HF.

er á móti skiptingu félagsins og hefur meiri áhuga á því að láta það vaxa, svo sem með yfirtöku á Marel.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, segir fyrirtækið ekki gefa upp hvernig það muni beita atkvæði sínu á fimmtudag. „Við erum ekkert frekar á bandi hedge-sjóðanna en stjórnarinnar. Stjórnendur Stork og Marel eru sammála um að þessi fyrirtæki séu fremst á sínu sviði og passi vel saman. Sjóðirnir vilja skerpa

áherslu og að Stork einbeiti sér að grunnþættinum, flugiðnaði. Við erum sammála báðum, en erum hins vegar ekki í neinu samstarfi við sjóðina,“ segir hann, en kveður um leið ljóst að nú sé einstakt tækifæri til að búa til heimsleiðtoga á sviði matvælavinnslu.

Eftir nýafstaðið hlutfjárútbod hefur Marel bolmagn í verkefni af þeirri stærðargráðu að kaupa Stork Food Systems. Þá lýsti félagið þeirri fyrirætlan að stefna á frekari samruna og þá á sviðum sem bæti upp reksturinn sem fyrir er í félaginu. Þetta rímar mjög vel við Stork Foods. Bæði fyrirtækin vilja vera í forystu á sínum markaði, hafa vaxið hraðan en önnur í geiranum og skila bæði um tíu prósent rekstrarhagnaði (EBIT) af veltu. Marel og Stork Foods velja hvort um sig 300 milljónum evra á ári, starfa á ólíkum sviðum og því mikil samlegðaráhrif sem hægt væri að ná fram með samruna þeirra. Yfirtakan á Stork Foods yrði sú langstærsta hjá Marel til þessa og má meta á um 25 milljarða króna.

Árni Oddur segir meginástæðu þess að farið var út í kaup á hlut í Stork á sínum tíma hafi verið að tryggja áframhaldandi gott samstarf fyrirtækjanna um leið og tryggð væri aðkomu Marels ef kæmi til breytingar á eignarhaldi eða uppskiptingar hjá Stork.

oikr@frettabladid.is

## BOÐEINDIS

Í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman  
Fáðu faglega ráðgjöf og kauptu vandaða fartölvu á góðu verði  
Nú færð þú 20 þúsund krónur í afslátt

**Vaxtalaust lán!**  
Verð kr. 119.900,- staðgreitt  
eða  
aðeins kr. 10.342 á mánuði

Vaxtalaust tilboð miðast við 12 mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreglist jafnt yfir samningstímann. Staðgreiðslulán fánleg til allt að 36 mánaða.

Asus A6VM



Skjár: 15.4" WXGA (Glare type)  
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz  
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB  
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / mest 2GB  
Harður diskur: 100GB  
Netkort: LAN 10/100/1000  
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g  
Geisladrif: 8x dual layer DVD brennari  
Vefmyndavél: 1.3Mega Píxla m. hljóðnema  
Stýrikerfi: Windows XP Professional  
Rafhláða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending  
Abyrgð: 2ja ára alþjóðleg abyrgð

Fartölvutaska & optical USB mús fylgir frítt með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka.  
Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.



Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061  
Opíð alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@boðeind.is  
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@boðeind.is

# Athyglin er á **Avensis**



BIENSKA AUGLISINGASTOFNANNAKIS TOY 14483 10/2005

## Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.  
Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá **2.590.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvernig fór leikur Lettlands og Íslands í Ríga á laugardaginn?

2 Hvaða þingkona Framsóknarflokksins tilkynnti nýverið að hún myndi hætta á þingi í vor?

3 Í hvaða landi hefur fyrirsetan Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir slegið í gegn?

SVÖR Á BLS. 38

Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki fjármagn til að sinna hlutverki sínu:

## Ráðgjafar að drukkna í álagi

**ALMANNATRYGGINGAR** Sjö starfsmenn reyndu að svara 1.870 fyrirspurnum skjólstæðinga Tryggingastofnunar ríkisins síðastliðinn miðvikudag. Þeir, sem á annað borð ná í gegn, mega bíða í góðan klukkutíma til að fá viðtal og getur munað um minna fyrir farsímanotendur. Að auki heimsækja skrifstofuna allt að fimm hundruð viðskiptavinir á degi hverjum.

Skráð meginmarkmið Tryggingastofnunarinnar er að veita „áreiðanlega og skilvirka þjónustu“, eins og segir á heimsíðu hennar. Karl Steinar Guðnason, forstjóri stofnunarinnar, segir mikið álag hafa verið á þjónustu-

ráðgjöfunum á þessu ári og ekki útséð með hvort TR náí að standast álagið sem fylgir árlegum endurreikningi bóta, á næstu vikum.

Aðspurður hvort fram hafi farið gæðamat eða úttekt á þjónustu TR, segir Karl Steinar enga þörf á því vegna þess að þegar álagið er mest sé fullljóst að þjónustan sé ekki viðunandi.

Karl Steinar viðurkennir að ástandið geti verið „óþolandi“ fyrir skjólstæðinga stofnunarinnar og því hafi verið farið fram á aukna fjárveitingu; TR geti ekki veitt toppþjónustu við núverandi aðstæður.

- kóp



TRYGGINGASTOFNUN Forstjóri Tryggingastofnunar segir ljóst að þjónusta stofnunarinnar sé ekki viðunandi á álagstímum.

Flugslysið í Sao Paulo:

## Yfir hundrað lík hafa fundist

**BRASILÍA, AP** Leitarflokkar halda áfram að leita að líkum í Amazon frumskóginum eftir hræðilegasta flugslys Brasilíu sem átti sér stað fyrir meira en viku síðan.

Enn sem komið er hafa fundist um hundrað lík. Búið er að bera kennsl á sextíu þeirra en enn á eftir að bera kennsl á fjórtíu manns.

Frumskógurinn er afar erfiður yfirferðar og hefur það gert leitarflokkum erfitt fyrir. Allir farþegar og áhöfn vélarinnar létu lífið í slysinu, en samtals fórust 154 manns.

Stjórnvöld í Brasilíu eru enn að rannsaka orsök slyssins.

- áþ

## Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



**NOTRAX**® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm  
...hindrar að gólfíð innandyrna verði hált  
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði  
í október 2006  
Úti- og innimottur  
af ýmsum gerðum  
og stærðum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



Sigþóra Gunnarsdóttir  
Sölumaður í verslun RV



ÍSLENSKAR OG VISTVÆNAR? Borið hefur á því að garðyrkjuvörur séu ranglega merktar.

Efla þarf eftirlit með merkingum á grænmeti:

## Erlent grænmeti selt sem íslenskt

**LANDBÚNAÐUR** Borið hefur á því að garðyrkjuvörur séu merktar vistvænar án þess að uppfylla þau skilyrði og sem íslensk framleiðsla án þess að varan sé ræktuð hér á landi heldur aðeins pakkað. Þetta segir Helga Hauksdóttir hjá Sambandi garðyrkjubænda.

Sérstaka vottun þarf til að fá að merkja vörur sem vistvænar. Magnús Ágústsson, garðyrkjuráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, segir skrá vera haldna um þá sem hafa tilskylda vottun en því miður séu mun fleiri sem selji vörur sínar undir vistvænum merkjum. Mjög erfitt sé að hafa eftirlit með framleiðslunni því þeir sem þetta stundi geti yfirleitt ekki uppruna vörunnar á

pokunum heldur láta einfaldlega merkja þá eins og um vistvæna framleiðslu sé að ræða. Hann segir að yfirleitt megi því treysta þeim framleiðendum sem geta uppruna vörunnar.

Helga segir málið verða tekið fyrir á fundi garðyrkjubænda næsta miðvikudag og að ljóst sé að landbúnaðarráðuneytið þurfi að efla eftirlit með merkingum á íslenskum vörum til að tryggja hag neytenda og framleiðenda.

„Þetta er mjög bagalegt fyrir okkur bændur en við ætlum okkur að taka á þessu og stöðva þessi brot,“ segir Bergvin Jóhannsson, formaður félags íslenskra kartöflubænda.

-kdk

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Vinsældirnar tengjast verðinu...  
Haust tilboð 1.790.000 Kr.



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

Þýska tímaritið Auto Bild valdi Opel bestu þýsku bílategundina í Þýskalandi árið 2006



...en verðið tengist engan veginn markaðinum. Opel Astra hefur skeypt sér sérstöðu hvað þetta varðar. Endurhugsaður frá grunni og drekkhlaðinn aukabúnaði heldur hann sessi sínum sem einn mest seldi bíll Evrópu á meðan verðið er á við ódýrustu bíla á götunni. Komdu til okkar, keyrðu hann og kollvarpaðu hugmyndum þínum um Astra.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 S. 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00

Aukahlutir á mynd: álfelgur




IBENSKA MUGLISINDAS TORNSIA IS CE 3447 102006

HANDHAFAR VILDARKORTA  
VISA OG ICELANDAIR

# VILDARFERÐIR Á HÁLFVIRÐI

TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA ICELANDAIR



50% afsláttur af Vildarpunktum þegar greitt er með þeim fyrir flugferð til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu eða Bandaríkjunum.

**SÖLUDAGAR:** 9., 10. og 11. okt.

**FERDATÍMABIL:** 15. okt. til og með 10. des. (síðasta heimkoma).

Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessu tilboði, fyrir börn að 16 aldri.

+ Bókaðu á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is) og sparaðu 2.000 kr. að auki

VISA



Vildarklúbbur

\*Flugvallarskattar ekki innifaldir og eru frá 7580 kr.-13.510 kr. Útreikningur á skatti er háður gengi. Hægt er að bóka í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.



**MORGUNGRAUTURINN HRÆRÐUR**  
Mohammad Sohrabi heitir þessi kokkur í Teheran, höfuðborg Írans, sem þarna hrærir í stórum potti graut sem nýtur vinsælda meðal múslima í föstumánudönum ramadan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dönsk rannsókn á brjóstakrabbameinsskoðun:

## Rangar niðurstöður angra konur

**DANMÖRK** Konur þjást mun meir en áður hefur verið talið, þegar þær eru kallaðar aftur í brjóstakrabbameinsskoðun vegna gruns um að æxli hafi fundist sem síðan reynist ekki á rökum reistur. Þetta kemur fram í nýrri danskri rannsókn sem fjallað er um í danska blaðinu Politiken.

Þó að falskar niðurstöður röntgenmynda séu eitthvað sem lækna hafa lært að lifa með sem einn þátt vinnu sinnar, upplifa konurnar þessar fölsku niðurstöður á allt annan hátt, að sögn John Brodersen, læknisins sem stóð fyrir rannsókninni hjá Kaupmannahafnarháskóla.

Mikill meirihluti kvennanna lýstu tilfinningum eins og reiði, kvíða og kjarkleysi, bæði áður en þær fóru í frekari rannsókn, sem og eftir að þær komust að því að enginn fótur var fyrir gruninum.

„Í mínum augum er þetta vandamál miklu stærra en lækarnir og yfirvöldin hafa gert sér grein fyrir,“ sagði Brodersen, og bætti við að þessar fölsku niðurstöður hafa áhrif á svefn kvennanna, kynlíf, framlag þeirra á vinnustað og skap. Að sögn Brodersen vara áhrifin í allt að sex mánuði eftir að endanleg niðurstaða er fengin úr seinni rannsókninni.

- smk



**BRJÓSTAKRABBAMEIN** Ný dönsk rannsókn sýnir að konur þjást mun meir en áður hefur verið talið vegna falskra niðurstaðna röntgenmynda í brjóstakrabbameinssleit. FRÉTTABLAÐIÐ

Skoðanakönnun í Danmörku:

## Jafnaðarmenn eru nú stærstir

**DANMÖRK** Fylgi við Jafnaðarmannaflokkinn hefur aukist mjög í Danmörku undanfarin misseri eftir að hafa náð sögulegu lágmarki fyrr á árinu. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem dagblaðið Politiken sagði frá í gær mælist flokkurinn nú stærsti flokkur Danmerkur.

Er fylgisaukningin meðal annars rakin til kröfu flokksins um að fjárveitingar til sveitarfélaga verði aukin.

En mótmæli vegna niðurskurðar í þjónustu sveitarfélaga hafa verið áberandi í Danmörku síðustu tvær vikur.

- ks

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Sonja í fjórða til fimmta sæti

**STJÓRNMÁL** Sonja B. Jónsdóttir, myndlistarkennari og kvikmyndagerðarmaður, sækist eftir 4.-5.



**SONJA B. JÓNSDÓTTIR**

sæti í prófkjöri þingflokks Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Sonja hefur lokið BA-prófum í myndlist, heimspeki og almennri bókmenntafræði. Einnig er hún með réttindi til myndlistarkennslu. Hún hefur starfað við fjölmiðla og rekið eigið fyrirtæki, Kvikmyndafélagið Nýja bíó. Af félagsmálum má telja að Sonja hefur setið í stjórn Alnæmissamtakanna og Samtaka um kvennaathvarf.

Í síðustu kosningum var Sonja í níunda sæti framboðslista Samfylkingarinnar í sama kjördæmi.

- kóp

Hlutfall kvenna í stjórnun lífeyrissjóða komið í tæplega 30 prósent:

## Óvanar að þurfa að berjast

**LÍFEYRISJÓÐIR** Hlutfall kvenna í stjórnun lífeyrissjóða hefur tvöfaldast á tveimur árum og er nú komið í 26,7 prósent, eða 31 kona af 116 stjórnarmönnum. Árið 2004 voru konur átján af 132 stjórnarmönnum eða 13,6 prósent.

Þetta kemur fram í athugun sem Landssamtök lífeyrissjóða gerðu hjá tuttugu stærstu lífeyrissjóðunum. Stjórnarmönnum fækkaði á tímabilinu vegna sameiningar lífeyrissjóðanna.

Félög kvenna í endurskoðun, lögmennsku, læknastrétt og verkfræðingastétt hafa staðið fyrir átaki um fjölgun kvenna í stjórnun lífeyrissjóða undanfarin tvö ár að sögn Ernu Bryndísar Halldórsdóttur, fyrrverandi formanns félags kvenna í endurskoðun. „Við skrifuðum stjórnun verkalyðsfélaga, Samtökum atvinnulífsins og fleiri aðilum sem sjá um að tilnefna í stjórnir lífeyrissjóðanna og ýttum á að hugað yrði að því að tilnefna konur.“

Erna Bryndís er ánægð með þessa fjölgun en segir að árangurinn gæti verið betri. „Auðvitað ætti stjórn að vera mynduð í hlutföllum við kynjaskiptingu lífeyrissjóða. Það er sláandi að í stjórnunum sumra sjóða er engin kona.“ Erna segir vandann ekki felast í að vöntun sé á konum sem geti setið í stjórnun. „En þær eru bara ekki jafn kræfar í því að gefa kost á sér og óvanar að þurfa að berjast fyrir stöðum.“

- sdg

### HLUTFALL KVENNA í stjórnun stærstu lífeyrissjóðanna árin 2004 til 2006

	Karlar	Konur
Lsj. starfsmanna ríkisins	37,5%	
Lsj. verzlunarmanna	25%	
Lífeyrissjóðurinn Framsýn*	12,5%	
Lífeyrissjóður sjómanna*	0%	
Gildi lífeyrissjóður	12,5%	
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0%	
Lífeyrissjóður Norðurlands	50%	
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	42,9%	
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	12,5%	
Almenn lífeyrissjóðurinn	11,1%	

\*Sameinuðust í Gildi lífeyrissjóð árið 2005

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Sautján gefa kost á sér

**PRÓFKJÖR** Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðurstjórðæmi verður haldið 4. nóvember en þar gefa sautján einstaklingar kost á sér.

Efstu fimm sætin eru bindandi að teknu tilliti til jafnréttisreglu Samfylkingarinnar um að hvort kyn skuli hafa að lágmarki fjórutíu prósent fulltrúa.

Þeir sem gefa kost á sér eru: Árni Rúnar Þorvaldsson, Bergvin Oddsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Erlingsdóttir, Gylfi Þorkelsson, Hlynur Sigmarsson, Hörður Guðbrands-son, Jenný Þórkátla Magnúsdóttir, Jón Gunnarsson, Júlíus H. Einarsson, Lilja Samúelsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Róbert Marshall, Sigríður Jóhannesdóttir, Unnar Þór Bóðvarsson og Ónundur S. Björnsson.

- hs



# COLT

## VIÐ EIGUM VEL SAMAN



**Mitsubishi Colt** er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikil innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélur, 6 hraða „Allshift“ sjálfstýring og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann  
Verð: 1.590.000 kr.

**Staðalbúnaður** MASC stöðugleikastýring  
ABS hemlalæsisvörn • EBD hemlajöfnunarkerfi  
MATC spyrnstýring • Aksturstölva • Hiti í framsætum  
Fjarstýrðar samlæsingar • Rafdrifnar rúðuvindur



Íslenskir athafnamenn sóttu fund hjá forseta Finnlands:

## Ræddu útrás Íslendinga og sóknarfæri

**HEIMSÓKN** Forseti Finnlands, Tarja Halonen, bauð í gær fjórum íslenskum athafnamönnum til fundar, þeim Björgólfi Thor Björgólfssyni kaupsýslumanni, Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra KB-banka, Hannesi Smárasyni, forstjóra FL-Group, og Róbert Wessman, forstjóra Actavis.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, átti frumkvæði að fundinum sem haldinn var í finnsku forsetahöllinni í Helsinki. Fundinn sátu Hannes Heimisson, sendiherra Íslands í Finnlandi, Kaj Grandholm, sendiherra Finnlands á Íslandi, áhrifamenn úr

finnsku athafnalífi, auk íslensku athafnamannanna. Halonen ræddi við Íslendingana um undirstöður útrásarinnar og velgengi á erlendum vettvangi, en þeir hafa allir fjárfest umtalsvert í Finnlandi. Sérstaklega sýndi Halonen áhuga á því hvernig mögulegt væri að styrkja samstarf íslenskra og finnskra fyrirtækja í sameiginlegri sókn á heimsmarkaði, einkum með tilliti til markaða í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Ólafur Ragnar afhenti Halonen eintak af nýútkominni finnsk-íslenskri orðabók eftir Tuomas Jarvela sem finnska háskólaforlagið gaf út.



**RÆDDU ÍSLENSKU ÚTRÁSINA** Tarja Halonen, forseti Finnlands, hitti íslenska athafnamenn og forseta Íslands í Helsinki. Á myndinni eru frá vinstri: Róbert Wessman, Hannes Smárasón, Ólafur Ragnar Grímsson, Tarja Halonen, Björgólfur Thor Björgólfsson og Hreiðar Már Sigurðsson.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Í framboð í Suðurlkjördæmi

**STJÓRNMÁL** Birgitta Jónsdóttir Klasein, náttúruvæðingur í Keflavík hefur ákveðið að gefa kost á sér í fimmta til sjötta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi fyrir komandi þingkosningar.



Birgitta fluttist hingað til lands frá Þýskalandi fyrir sex árum síðan. Hún var viðloðandi og starfandi við stjórnmál í Þýskalandi frá árinu 1978 og hefur áhuga á að halda áfram á þeirri braut hér á landi.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Gefur kost á sér í níunda sæti

**STJÓRNMÁL** Grazyna Maria Okuniewska hefur ákveðið að bjóða sig fram í níunda sæti í



**GRAZYNA MARIA OKUNIEWSKA**

prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Grazyna er pólsk að uppruna en hefur verið búsett á Íslandi í fimmtán ár. Hún er með framhaldsnám í hjúkrunarfærð og hefur starfað við fagið ásamt því að hafa starfað sem túlkur og þýðandi fyrir Miðstöð nýbúa í Reykjavík og Alþjóðahús.

Grazyna hefur tekið virkan þátt í málefnum innflytjenda á Íslandi og telur brýnt að þeir eigi sér málsvara í íslensku samfélagi.

- hs

Framboðslisti Samfylkingar:

## Gefur kost á sér í efstu sætin

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Jónsdóttir, sýslufulltrúi á Húsavík, gefur kost á sér í 1. til 3. sæti á lista



**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**

Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar.

Ragnheiður hefur starfað með Félagi ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði og verið félagi í Samfylkingunni frá stofnun hennar.

Ragnheiður lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands og mastersprófi í Evrópurétti við háskólann í Miami í Bandaríkjunum.

- sdg

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Gefur kost á sér í fjórða sæti

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Steingrímsson blaðamaður og tónlistarmaður gefur kost á sér í fjórða



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Guðmundur er með meistara-gráður í heimspæki frá Uppsala í Svíþjóð og Oxford á Englandi. Hann var formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1995-1996 og sat í háskólaráði í tvö ár.

Í framboði sínu leitast Guðmundur við að vera öflugur talsmaður umhverfismála, fjölbreyttari atvinnustefnu, aukins jöfnuðar, menntunar, menningar og lýðræðislegra vinnubragða í stjórnmálum.

- hs



# Góðæri er öllum í hag

Sumir rugla saman þenslu og góðæri. En góðæri er ekki vertið og hagfræðilögmálin eru ekki algild. Við hjá SPV trúum því að samtímis sé hægt að slá á þenslu og viðhalda góðæri. Góðæri er góð tíð sem birtist meðal annars í því að almenningur geti viðhaldið verðmætum sínum og aukið við þau. Hvort sem það er heilsan, heimilið, sumarbústaðurinn, bíllinn eða tölvan og allt sem henni fylgir. Rýrnun verðmæta er engum í hag. Komdu í SPV í dag.

- Við lánnum svo þú getir aukið verðmæti eigna þinna.
- Það er góð hagfræði.
- Góðæri er góð tíð. Framlengjum góðærið saman.

Komdu til okkar í SPV.



Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavininum  
Borgartúni 18 - Síðumúla 1 - Hraunbæ 119 - www.spv.is  
Þjónustuver, sími 575 4100 - Skiptiborð, sími 575 4000

1.sæti í Ánægjuvögnum sjúndu árið í röð!



**TAVORVUR SPÝR ÖSKU** Gríðarlegt magn af ösku þeyttist upp til himna þegar eldfjallið Tavorvur á Papúu Nýju Gíneu tók að gjósa á laugardaginn. Nærri þrjú þúsund íbúar bæjarins Rabaul, sem er í næsta nágrenni, þurftu að flýja ósköpin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fasteignasalar hafa upplifað neikvæða sýn á bankana undanfarið:

## Vilja styrkan Íbúðalánasjóð

**FASTEIGNIR** Félag fasteignasala fagnar tillögum stýrihóps félagsmálaráðherra um að staðinn sé vörður um stefnu íslenskra stjórnvalda í húsnæðismálum og Íbúðalánasjóð. Í ályktun félagsins segir að þeirri áratuga uppbyggingu sem stjórnvöld hafi unnið að í húsnæðismálum með því að skilgreina þau sem velferðarmál megi ekki raska vegna hagsmuna bankanna.

Fram kemur að Félag fasteignasala hafi fagnað sérstaklega innkomu bankanna á Íbúðalánamarkaðinn 2004 sem varð til þess að vextir lækkuðu og lánslytfall hækkaði. Grétar Jónasson,



**GRÉTAR JÓNASSON** Formaður Félags fasteignasala segir ungt fólk í dag eiga erfitt um vik að fá lánað hjá bankum fyrir fyrstu íbúð.

formaður félagsins, segir marga fasteignasala hafa verið á þeirri skoðun að ríkið ætti að draga sig út af íbúðalánamarkaðnum með tilkomu bankanna. „En eftir því sem tíminn hefur liðið hafa fasteignasalar farið að upplifa

neikvæða sýn á bankana. Einn daginn lána þeir gegndarlaus út og annan daginn er allt breytt og erfitt er að fá lán.“

Í ályktuninni segir að heilvænlegt sé að Íbúðalánasjóður standi styrkum fótum og breyti ekki áherslum sínum í takt við dægurvinda eða hagsmuni þeirra sem gæta að því að hámarka afkomu bankanna.

„Auðvitað telja sumir að hér sé bara verið að hugsa um hagsmuni fasteignasala en það er mikið frekar verið að hugsa um að neytendur hafi greiðan aðgang að lánsfé sem er gríðarlega mikilvægt.“

- sdg

Riffilskyttunámskeið í Hvalfirði:

## Norrænt nám-skeið sérsveita

**LÖGREGLUMÁL** Um þessar mundir stendur yfir samnorrænt riffilskyttunámskeið sérsveita frá öllum Norðurlöndunum og Þýskalandi í Hvalfirðinum. Guðmundur Ómar Þráinsson, aðstoðaryfirförlögsluþjónn í sérsveit Ríkislögreglustjóra, segir svona námskeið mikilvæg þar sem lögregluhöfðingur séu að kynna hvort fyrir öðru búnað, æfingatekni og aðrar nýjungar. Námskeiðin eru árlegur viðburður en Norðurlöndin skiptast á um að halda þau. Íslendingar hafa tekið þátt í þeim frá 1994 en slíkt námskeið er nú haldið í fyrsta sinn hér á landi.

- þsj



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

30 ára í dag

“Af stað”.

Gigtafólk - Gigtafólk- Gigtafólk

12. október göngum við

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörórðinu “Gigtin gefur..”

Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi. Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting. Við erum fleiri en margur heldur.

17:00 - Safnast saman á Lækjartorgi  
17:20 - Upphitun fyrir gönguna  
17:30 - Gengið upp Bankastr. og Skólavörðust. \*  
18:10 - Göngufólki er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson spilar

• Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.  
• Af stað” er kjörórð dagsins um allan heim.

Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með

Skráning er á skrifstofu Gigtafélagsins og á Lækjartorgi. Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu GÍ í síma 530 3600.

Gigtafélag Íslands



Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Sækist eftir fjórða sæti

**STJÓRNMÁL** Jens Sigurdsson, formaður Ungra jafnaðarmanna í Kópavogi, gefur kost á sér í fjórða sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.



JENS SIGURÐSSON

Jens er 28 ára stjórnmálafræðingur og nam við George Washington háskólann í Washington DC en stundaði einnig nám í Norður Karólínu háskólanum í Wilmington. Jens hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum undanfarið ár fyrir Ungra jafnaðarmenn og Samfylkinguna. Hann sat í kosningastjórn Samfylkingarinnar í Kópavogi í vor og er fulltrúi flokksins í Atvinnu- og upplýsinga-nefnd Kópavogsbæjar.

- hs

### NOREGUR

#### Póstkassamyglari

Norskir tollverðir stöðvuðu Norðmann nokkurn við Svinesund á miðvikudag sem var að reyna að smygla 256 póstkössum inn í landið. „Við stöðvum fólk með alls konar varning, en ég man ekki eftir að hafa fundið póstkassa fyrir,” sagði yfirmaður tollvarðanna, Wenche Fredriksen, í samtali við fjölmiðla.



FREDERIC P.N. CHANG „Í heimsþorpinu eru fjarlægðir afstæðar.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill stórefla Íslandstengsl

Sendifulltrúi Taívars segir landa sína hafa áhuga á að efla tengsl við Ísland. Breyti þar engu þótt löndin eigi bágt með að vera í formlegu stjórnmálasambandi.

**MILLIRÍKJASAMSKIPTI** Frederic P.N. Chang er sendifulltrúi Lýðveldisins Kína, öðru nafni Taívan, í Kaupmannahöfn, og er sem slíkur ígildi sendiherra austur-asíska eyríkisins í Danmörku og á Íslandi. Eins og kunnugt er líta stjórnvöld í Alþýðulýðveldinu Kína á Taívan sem hérað í Kína og neita að vera í stjórnmálasambandi við ríki sem eru í stjórnmálasambandi við eyríkið. Í viðtali við Fréttablaðið segir Chang mikinn áhuga í landi sínu á nánari tengslum við Ísland.

„Eftir að ég kom í fyrsta sinn hingað til lands rann það fljótt upp fyrir mér að Taívan ætti að leita nánari tengsla við Ísland. Ég fann fyrir vissum andlegum skyldleika, einhverju aðdráttarafli,” segir Chang.

Enda þótt landfræðilega sé langt á milli þessara tveggja eyja eiga þjóðirnar tvær eitt og annað sameiginlegt. „Nú lifum við í heimsþorpinu, sem gerir fjarlægðir afstæðar, og áhugi Taívana á Íslandi eykst.“

„Mér finnst líka aðdáunarvert,” heldur Chang áfram, „hve vel þið Íslendingar hafa haldið á ykkar málum frá því þið hlutuð sjálfstæði; hve þróunin á Íslandi hefur náð langt á skömmum tíma. Íslendingar eru mjög framarlega á ýmsum sviðum, sem ég tel mína þjóð geta lært af. Til dæmis búið þið yfir mjög góðri sérþekkingu á nýtingu jarðhita. Á Taívan er líka jarðhiti sem býður þess að vera nýttur. Þarna eru tækifæri til nánara samstarfs,” segir Chang.

En að hans sögn eru möguleikarnir margir. Sem dæmi nefnir

hann að Danir séu sterkir í hönnun en iðnframleiðsla Taívars sé ein sú samkeppnishæfasta í heimi. Þannig sé samstarf beggja hagar. Framsækin íslensk fyrirtæki gætu líka séð sér hag í slíku samstarfi.

Aðspurður segist Chang hafa skilning á því að lönd eins og Ísland séu ekki í fullu stjórnmálasambandi við Taívan, vegna þess hve miklir hagsmunir eru í húfi að vera í góðum tengslum við risandi stórveldið Kína. En þrátt fyrir hin erfiðu samskipti yfir Formósu-

“Nú lifum við í heimsþorpinu, sem gerir fjarlægðir afstæðar, og áhugi Taívana á Íslandi eykst.”

FREDERIC CHANG  
SENDIFULLTRÚI

sund segir hann Taívan vera að öllu leyti sjálfstætt í raun (de facto) og eigi þannig góð samskipti við flest heimsins lönd. En óneitanlega standi það landinu fyrir þrífum að geta ekki verið virkur aðili í alþjóðastofnunum eins og Alþjóðavískaðstofnuninni. Þrátt fyrir að bæði Taívan (undir nafninu „Kínverska Taipei“) og Hong Kong hafi sjálfstæða aðild að WTO, auk Kína, hafi Pekingstjórnin stadið í vegi fyrir því að fulltrúar Taívars fengu að taka virkan þátt í starfi samtakanna.

Chang segir þó að þrátt fyrir þessa erfiðleika láti Taívanar engan bilbug á sér finna.

audunn@frettabladid.is



NÝR OG BETRI JUMBÓ Í NÆSTU VERSLUN

Kársnesbraut 112 | 220 Kópavogi | Sími 554 6999 | Fax 554 6239 | jumbo@jumbo.is | www.jumbo.is



GOTT FOLK MCCANN

#### UNDANKEPPNI EM 2008

Ísland - Svíþjóð  
Laugardalsvelli  
Miðvikudaginn 11. okt.  
Kl. 18:05

**LEIKUR ÁN  
FORDÓMA**



# ÍSLAND - SVÍÞJÓÐ

Ísland og Svíþjóð mætast í hörku leik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 18:05 á miðvikudag. Forsala aðgöngumiða er í gegnum glænýtt miðasölukerfi á ksi.is og midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið! Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum. ÁFRAM ÍSLAND!



*Alltaf í boltanum með KSI*



MIDAVERÐ Á LEIKDAG 11. OKT.  
Sæti í rauðu svæði kr. 5.000  
Sæti í bláu svæði kr. 4.500  
Sæti í grænu svæði kr. 2.000  
FORSALA TIL OG MEB 10. OKT.  
Sæti í rauðu svæði kr. 4.500  
Sæti í bláu svæði kr. 4.000  
Sæti í grænu svæði kr. 1.500

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguilið. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguilið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguilið við austurstúku við Valbjarnavöll.



SALTFISKUR  
MEÐ HVÍTLAUK OG RAUÐLAUK

**1.198** kr.  
kg



ÝSA  
Í INDVERSKU KARRY OG KÓRÍANDER

**958** kr.  
kg



LÚÐUSTEIK  
MEÐ PAPTÍKHJÚP

**1.598** kr.  
kg



LAXASTEIK  
MEÐ BBQ, RÆKJUM OG PÚÐURSYKRI

**1.598** kr.  
kg



ÝSA  
Í THAI GREEN CURRY

**998** kr.  
kg



FISKIBOLLUR

**748** kr.  
kg



ÝSA  
Í KONÍAKS HUMARSÓSU

**998** kr.  
kg



ÝSA  
Í TOSKANA SÓSU

**998** kr.  
kg



KEILUSTEIK  
MEÐ SKÓGARSVEPPUM

**1.118** kr.  
kg



STEINBÍTSSTEIK  
MEÐ KARRY OG SALTHNETUM

**1.118** kr.  
kg



ÝSA  
Í HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN

**958** kr.  
kg

# Perlur hafsins úr fiskborði!

Fremstir í fiski  
**NÓATÚN**  
í 40 ár



ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI **698** kr. kg

MÆLIR MEÐ



PLOKKFISKUR  
AÐ HÆTTI MÖMMU

**958** kr. kg



KEILA  
Í RÆKJU OG GRÁÐAOSTASÓSU

**1.118** kr. kg



SALTFISKSTEIK  
Í BASILHJÚP

**1.518** kr. kg



KARFASTEIK  
MEÐ CHILI

**1.118** kr. kg



ÝSA  
MEÐ FRÖNSKU SINNEPI OG GRASLAUK

**958** kr. kg



ÝSUSTEIK  
MEÐ SESAM OG KÓKÓS

**1.038** kr. kg

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

„Verði ykkur að góðu!“

## „ORÐRÉTT“

## Viðförull

„Þessi heimur er ekki stór. Við förum allsstaðar þar sem þylur eru og fengum að lokum þessa.“

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA FAGNAR KOMU NÝRRAR ÞYRLU LANDHELGISGÆSLUNNAR. FRÉTTABLAÐIÐ 8. OKTÓBER.

## Heyr, heyr

„Við verðum að gera betur en þetta.“

IVAR INGIMARSSON, VARNARMADUR ÍSLENSKA LANDSLIDSINS VAR AÐ VONUM ÓSÁTTUR MEÐ TAPID GEGN LETTUM. FRÉTTABLAÐIÐ 8. OKTÓBER.

nær og fjær  
**tilveran**

HVAD ER AÐ FRÉTTA? HAUKUR S. MAGNÚSSON GÍTARLEIKARI

## Kettirnir hafa það þrusugott

„Það allt gott að fréttu, er það ekki?“ segir Haukur S. Magnússon, gítarleikari hljómsveitarinnar Reykjavík! „Iceland Airwaves er að fara að byrja eftir tæplega tvær vikur og við erum að undirbúa okkur eins og allar aðrar hljómsveitir á landinu. Ég er líka að vinna við háttíðina, er titlaður staðbundinn fjölmiðlatengill og stend núna í því að senda erlendum stjórnum tölvupósta til að fá þær til að tala við íslenska blaðamenn. Þetta er allt viðkunnlegt fólk og það er gaman að þessu. Það er þó vert að vekja athygli á því að þessi erlendu bönd eru í mörgum tilfellum ekkert stærri númer en þau innlendu og ég legg til að fólk hafi opin augu fyrir íslensku böndunum. Airwaves er mikil uppskeruhátíð, miklu meira en íslensku tónlistarverðlaunin. Það eru allir í sparigallanum og gera sitt besta.“

Haukur ætlaði að skrifa BA-ritgerð í sumar en það var eitthvað misheppnað. „Ég fór í smá eynd

út af því en svo hringdu þeir á Reykjavík Grapevine í mig, buðu mér vinnu og björguðu mér. Ég var líka að vinna á veitingastað mömmu minnar á Ísafirði. Hann heitir Tjörhúsið og býður upp á það sem veiðist úr sjónum þann daginn.“

Haukur vill koma því á framfæri að kettirnir hans þrír hafi það þrusugott. „Þeir heita Tígra, Vaskur og Miike. Margir halda að Miike sé eitthvað artí fartí nafn en svo er ekki. Ég kynntist Japana í sumar sem sagði mér að Miike væri algengasta kisunafnið þar. Ég vildi bara heiðra japanska menningu með kettinum.“



### TIL LEIGU: NÝTT VÉLKVENDI

■ Vélkvendin frá Kokoro, hliðarfyrirtæki Sanrio-samsteyppunnar í Japan, hafa vakið mikla lukku. Nýjasta vélkvendið kalla þeir Actroid DER2 og var það kynnt á tæknisýningu nýlega. Nýja kvendið hefur þynni handleggi en fyrri gerðir og fleiri andlitssvipti. Þá eru allar hreyfingar orðnar mýkri en áður svo auðvelt er að halda að þarna sé alvöru manneskja á ferð. Vélkvendið má leiga í fimm daga í senn fyrir 250 þúsund krónur. Tilvalið í stórafmæli og árs hátíðir!



### SJÓNARHÓLL MINNKANDI VÆGI SLAUFU

## Fimmtíu slaufur í skúffu

Vægi slaufunnar minnkar nú óðum í íslenskum stjórnáttum. Stórt skarð var höggvið í vígið þegar Kjartan Gunnarsson hætti sem formaður Sjálfstæðisflokksins, en hann er sem kunnugt er mikill slaufumaður.

Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík norður, gekk eitt sinn með slaufur: „En svo gerði ég það fyrir ástkonu mína að setja upp bindi. Það átti bara að vera einn bindisdagur á ári en bindið tók smám saman alveg yfir“, segir Guðjón. „Það er dálítið vandræðalegt að ég kann ekki ennþá að hnýta bindi og þarf að láta þingverðina hjálpa mér. Ég var aldrei harður andstæðingur bindisins og ætli maður verði ekki að læra að gera hnút á endanum.“

Guðjón segir að fyrrum slaufumenn eins og Birgir Ármannsson og Össur Skarphéðinsson séu alfarið komnir í bindin og nú sé það Þorsteinn Magnússon forstöðumaður sem einn haldi uppi heiðri slaufunnar á Alþingi. „Ég á yfir fimmtíu slaufur, en þær liggja bara ónýttar ofan í skúffu“, segir Guðjón og það má greina trega í röddinni.



GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON PINGMAÐUR

## Átta smalar í símaskránni

Átta manns eru með starfsheitið smali í símaskránni. Nú er smalamennskan í algleymi og því líklega nóg að gera hjá smölunum. Eða hvað?

„Eru komnir átta smalar, já?“ spyr Gunnar Sigurðsson smali, nokkuð ánægður. „Það er þá komið í góðan smalahóp.“ Gunnar telur sig vera fyrsta smalan á síðari tímum í símaskránni. „Ég þurfti að fara á fund Andrésar ritstjóra símaskrárinnar og stóð í agalegu stappi í tvær vikur eða

svo. Þetta var fyrir einhverjum tíu til tólf árum og Andrés var tregur að samþykkja þetta starfsheiti. Í símaskránni sirka 1928 var reyndar einn smali á Selfossi og kannski vegna þess fordæmis fékk ég að lokum titilinn í gegn. Ég sagði Andrési að ég hefði aðaltekjulind mína af smalamennsku og hann gaf sig á endanum. Það var mjög gaman að fá þetta í gegn.“

Gunnar, sem er ættaður frá Snæfellsnesi, hefur ekkert komist í smalamennsku í haust. „Ef heimtur verða ekki góðar þarf að fara aðra ferð og finna restina. Ég stefni á að komast í þá ferð.“ Gunnar segist hafa séð bíl með einkamerkinu SMALI. „Það er nú einum of, finnst mér. Ég myndi allavega ekki fá mér PÍPARI þótt ég væri pípulagningarmaður.“

Jóni Þór Þorleifssyni smala bregður í brún þegar honum er sagt að átta smalar séu í símaskránni. „Hinir hafa þá hermt eftir mér því það tók mig heil þrjú ár að fá þetta í gegn. Þetta er greinilega komið í tísku.“ Jón Þór minnir að hann hafi fengið smalaskráninguna í gegn árið 1997. „Ég fór náttúrliga í smalamennsku á hverju ári og svo fannst mér bara meira töff að vera titlaður smali en kvikmyndagerðarmaður. Konurnar í 118 voru alltaf mjög áhugasamar og sögðu þegar einhver það um númerið mitt: Nú, er það smali? Ein spurði meira að segja vin minn af hverju ég væri titlaður smali og hann laug að henni að ég hefði verið í stífu smalanámi í Skotlandi í fjögur ár.“ Jón Þór er ekkert búinn að komast í smalamennsku í haust og þykir það miður.

„Ég ætlaði reyndar að skrá mig sem fv. smali, en það mátti ekki svo ég lét þá bara skrá mig sem smala frekar en ekkert.“ segir Birgir Bragason smali og bætir við: „Það er greinilegt að reglan „Eitt sinn smali, alltaf smali“ gildir hjá símaskránni.“ Birgir hafði löngum farið í smalamennsku hjá bónda í Borgarfirði, en þegar bóndinn hafði ekkert hringt lengi ákvað Birgir að titla



FÉ AN HIRÐIS Átta smalar símaskrárinnar hvergi nærri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GUNNAR SIGURÐSSON SMALI Tók tveggja vikna stapp að fá titilinn í gegn.

sig fv. smala. „Ég er reyndar ennþá að vona að hann hringi í mig. Að vera smali er náttúrliga fínt ævistarf. Það er réttað tvisvar á ári svo það er mikill frítími í þessu.“

„Þetta var nú bara grín. Ég neynti ekki að vera nemi, en ég fékk lengi synjun á smala-titilinn“, segir Páll Geir Bjarnason smali. „Svo opnuðu þeir fyrir það að maður gæti skráð sig sjálfur á netinu og þá stökk ég til. Ég er reyndar lítið búinn að vera í smalamennsku nema þá kannski helst að smala saman strákum í fótbolta.“

Valdimar Steffensen Harðarson smali víðurkennir að hann hafi aldrei smalað svo mikið sem einni kind. „Þetta var nú bara tilraun hjá mér því það var einhver sem sagði mér að ég gæti notað hvaða starfsheiti sem er. Smala-titillinn flaug í gegn og ef ég hefði haft frjórri huga hefði ég líklega getað sagst vera flugmaður eða eitthvað.“

Aðrir smalar í símaskránni eru Pétur Sævald Hilmarsson, Sigurfinnur Finnsson og Sveinn Fjalar Ágústsson. Ekki náðist í þá þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Kannski voru þeir úti að smala?



JÓN ÞÓR BIRGISSON SMALI Smali er meira töff en kvikmyndagerðarmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BIRGIR BRAGASON SMALI Bóndinn ekkert búinn að hringja lengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### AÐRIR GÓÐIR TITLAR Í SÍMASKRÁNNI




STEINI SLEGGJA Sérfræðingur (fimm aðrir ótilgreindir sérfræðingar í skránni)



ÓÐINN SNORRASON Fv. ljónat-emjari (sá eini í skránni)



ÓMAR „BONHAM“ EYÞÓRSSON Fjöl-listamaður (fjórir aðrir í skránni)



EINAR ÖRN BENEDIKTSSON Fv. pósthfrstj. (einn annar í skránni)



LOGI HRAFN KRISTJÁNSSON Hugsuður (tveir aðrir í skránni)



# Trigger®

KULDASTÍGVÉL  
Stærðir 21-38

F Y R I R Í S L E N S K T V E Þ U R F A R

Nafnspjald

Endurskinsmerki

Styrktur hælkappi

Fylltur hæll

Laust 3-laga innlegg

Álfilma kuldavörn

Stífur kantur

Endurskinsmerki

Fast fódur úr fljótþornandi DACRON 3M

Stamur sóli

Einnig til í svörtu

100% vatnsþétt

Má byva við 30°C

ÚTSÖLUADILAR:  
Steinar Waage, Kringlan, Smáralind - Iljaskinn ehf., Háaleitisbraut 58-60 - Xena, Mjódd, Glæsibær, Spöng  
Valmiki, Kringlan - Skóbuðin Hafnarg. 35, Reykjanesbær - Verslunin Síry, Grindavík  
Axel Ó. skóverlun, Vestmannaeyjar - Skóbuð Selfoss, - Tangó, Höfn Hornafj. - Klórubúð, Djúpvogur  
Veiðiflugan, Reyðarfjörður - KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skóbuð Húsavíkur  
Skóhúsið, Akureyni - Siglóspott, Siglufjörður - Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrúkur - Skóhornið, Ísafjörður  
Dalakjör, Búðardalur - Heimahornið, Stykkishólmur - Verslunin Hamrar, Grundarfjörður - Blómsturvellir, Hellissandur  
Xena Borgarnes - Ozone, Akranes.

Dreifingaraðili: [www.leikko.is](http://www.leikko.is)




Ódýr lyf!



Skipholts Apótek

# Lækkað verð á öllum lyfjum

- + 20-30% afsláttur af öllum Nikótínlyfjum.
- + Elli- og örorkulífeyrisþegar fá 5-100% afslátt af sjúklingshluta lyfseðils sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða. Áralöng reynsla af skömmtum lyfja.
- + Allt að 50% afsláttur af vítamínum í október.
- + Ókeypis vítamín- og hómópataráðgjöf á fimmtudögum frá kl. 13 – 17.



SKIPHOLTS APÓTEK  
– ódýr lyf

Opið 9-18:30 virka daga.

Skipholti 50b, 105 Reykjavík, sími 551 7234

## Svona erum við

> Fjöldi háskólanema eftir skólum árið 2005.



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÁHRIF HRYÐJUVERKA Á INNFLYTJENDUR Á NORÐURLÖNDUM:

## Ótti býr um sig meðal múslima

Ótti hefur búið um sig í hjörtum múslimskra innflytjenda á Norðurlöndum upp á síðkastið enda hafa fréttir síðustu mánaða sýnt að hryðjuverkin eru komin til Norðurlanda eða eru að búa um sig á Norðurlöndum. Norrænar fjölmiðlar segja að venjulegir múslimar eigi erfitt þessa dagana. Þeim líði illa því þeim finnst þeir geta átt von á því að vera teknir til rannsókna hjá lögreglu hvenær sem er. Flestir þeirra reyni því að hafa hægt um sig.



**Hvernig hafa hryðjuverkin verið að búa um sig?**

Nokkur mál hafa komið upp á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku og Svíþjóð. Í Danmörku varð náttúrulega frægt þegar myndir birtast af spámanninum Múhameð í Jótlandsþóstinum. Í framhaldi af því hafa menn verið handteknir, til dæmis er verið

að rannsaka þátttöku átta manna í meintum hryðjuverkum. Þá voru fjórir handteknir nýlega í Noregi vegna gruns um að þeir hefðu skipulagt sprengjuárás á sendiráð Bandaríkjanna og Ísraels. Í Svíþjóð fengu þrjú menn fangelsisdóm í sumar fyrir að hafa skipulagt

árás á bænaherbergi kristins safnaðar í Uppsölum.

**Hvað hefur verið gert í þessu?**

Ný lög hafa verið sett í flestum löndum og yfirstjórnir öryggismála hafa fengið aukin völd. Leynigjónustur ríkjanna fylgjast náið með ástandinu og reyna að vera vakandi fyrir því að hryðjuverk komi upp.

**Er ástandið svipað í öllum löndunum?**

Ástandið er verst í Danmörku. Í Svíþjóð hafa menn líka vakandi auga með ástandinu. Í Noregi er ástandið frekar rólegt þrátt fyrir handtökurnar um daginn en í Noregi er stærsti múslimski söfnuðurinn. Í Finnlandi er ástandið afar rólegt en þar eru múslimarnir fyrst og fremst af fyrstu kynslóð innflytjenda og flestir frá Sómalíu.

### SPURT & SVARÐ

VIÐHORF TIL FATLAÐS FÓLKS

## Stöndum of aftarlega

Freyja Haraldsdóttir, er með sjaldgæfan sjúkdóm sem veldur því að bein hennar eru mjög brothætt. Af þessum sökum er hún mjög hreyfihömluð. Á næstunni heimsækir hún framhaldsskóla landsins til að fræða nemendur og starfsfólk um málaflokk fatlaðra.



FREYJA HARALDSDÓTTIR

**Viðhorf til fatlaðs fólks?** Að sjálfsögðu hefur margt batnað í málefnum fatlaðra með tímanum. Samt sem áður finnst mér eins og einhver stífla hafi orðið. Allir vilja vel en við stöndum enn of aftarlega þegar kemur að málaflokki fatlaðra. Við vitum að öll eigum við sama rétt til lífsgæða og frelsis en samt sem áður virðist einhver meinloka koma í veg fyrir að það verði að raunveruleika.

**Hvað er hægt að gera?** Við þurfum öll að vera meðvitund um að hver og einn beri ábyrgð á málaflokki fatlaðra. Við verðum að hugsa um hvað við myndum vilja fyrir okkur sjálf, vini okkar, maka og börn.

# Spænska veikin rannsökuð

Fuglaflensa geisar enn um heiminn og vísindamenn reyna enn árangurslítið að finna lækningu við sjúkdómnum. En nýjar rannsóknir á spænsku veikinni lofa góðu.

Þótt lítið hafi frést af fuglaflensu í hinum vestræna heimi undanfarið, hefur veikin síður en svo látið undan síga í Asíu. Alls hafa 148 manns dáið af völdum sjúkdómsins frá árinu 2003.



Í lok september létust tveir í Indónesíu úr fuglaflensu, nú ára drengur og tvítugur karlmaður. Er tala látinna þá komin upp í 52 þar í landi samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO. Bróðir unga mannsins lést fjórum dögum fyrr úr svipuðum einkennum, en ekki náðist að staðfesta að um fuglaflensu væri að ræða fyrir lát hans, að sögn yfirvalda þar í landi.

Á sama tíma lést 59 ára gamall fuglabóndi í Taílandi, en hann mun hafa smitast við að reyna að lækna hana sína með jurtum.

Vert er að minna á að uppgæfarnar tölur eru eingöngu þær sem WHO hefur staðfest opinberlega og telja sérfræðingar því tölurnar í raun vera mun hærrí, því vísindamenn WHO ná ekki alltaf að taka sýni úr sjúklingum.

### Vírusinn

Fuglaflensa er nokkuð algeng meðal fugla, en flest afbrigði leggast ekki á menn. Veirufbrigðið H5N1 getur hins vegar smitað fólk og valdið dauða, en enn sem komið er virðist fólk þurfa að handleika sýkta fugla til að veikjast.

Engu að síður óttast vísindamenn þetta afbrigði mest, því

**FUGLAR BRENNDIR** Indónesískur heilbrigðisstarfsmaður brennir fugla eftir að ungur maður lést úr fuglaflensu á Vestur-Jövu.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BÚR BRENND** Indónesískur maður sést hér brenna fuglabúr, svo H5N1 afbrigði fuglaflensuveirunnar berist ekki í heilbrigða fugla.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Dreifing fuglaflensu smits í fólk



Heimildir: WHO, FAO

© GRAPHIC NEWS

miklar líkur eru taldar á því að veiran geti stökkbreyst svo að hún berist mann frá manni og valdi heimsfaraldri.

Að meðaltali ganga heimsfaraldrar influensu nokkrum sinnum á öld, en langt er síðan það gerðist síðast.

### Spænska veikin

Niðurstöður nýrrar bandarískrar rannsóknar á spænsku veikinni sem birtar voru nýverið í vísindatímaritinu Nature, gefa þó góðar vonir um að sérfræðingum muni takast að hemja veikina innan tíðar.

Spænska veikin var influensufaraldur sem lagði um fimmtíu milljónir manna að velli víða um heim árið 1918, og var einn þriggja faraldrar sem gengu á síðustu öld.

Vírusinn H1N1 olli veikinni, en talið er að hann, líkt og fuglaflensa, hafi komið úr fuglum. Athygli vekur jafnframt að sjúkdómarnir lýsa sér á svipaðan hátt og reynast báðir skadlegir ungu fólki.

### Vonir bundnar við rannsóknir

Bandaríska rannsóknin hefur hjálpað vísindamönnum að skilja hegðun H1N1 vírussins sem olli spænsku veikinni.

Vísindamennirnir endurframléiddu H1N1, sprautuðu vírusnum í mýs og fylgdust síðan með viðbrögðum ónæmiskerfa músanna.

Ónæmiskerfi músanna brást án undantekninga afar harkalega við og héldu þau viðbrögð áfram þar til mýsnar drápu nokkrum dögum

síðar. Á sama tíma þjáðust mýsnar af alvarlegum lungnasjúkdómi.

„Við teljum að ónæmiskerfi sjúklingsins bregðist harkalega við virusnum og að þessi viðbrögð geri vírusinn enn hættulegri sjúklingnum fyrir vikið. Ónæmiskerfið gæti verið að gera of mikið úr hættunni og drepið of margar frumur, og það gæti verið eitt það helsta sem stuðlar að því að þessi vírus er eins sjúkdómsvaldandi og raun ber vitni,“ sagði John Kash, sem leiddi rannsóknina, í samtali við fréttamann breska ríkisútvarpsins, BBC.

Næsta stig rannsóknarinnar felst í að endurtaka fyrri aðgerðir, en koma í veg fyrir viðbrögð ónæmiskerfisins svo hægt sé að sjá ástandur fyrir þessari sterku svörum, og yfirfæra svo niðurstöurnar yfir á fuglaflensu.

### Mikilvægur samanburður

„Fólk sem hefur látist úr fuglaflensunni hefur dregist til dauða á svipaðan hátt og þeir sem dóu í faraldrinum árið 1918. Þetta er afar óþægilegur dauddagi,“ sagði Paul Hunter, prófessor í heilsugæslu við East Anglia háskólann í Bretlandi við fréttamann BBC. „Því er það óskaplega mikilvægt að rannsaka influensuna sem gekk árið 1918 til að skilja fuglaflensuna sem við sjáum nú.“

### FRÉTTASKÝRING

SIGRÚN MARÍA KRISINSDÓTTIR  
smk@frettabladid.is

### Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækka þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga  
www.ford.is

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 33 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustutíflit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# ELDHÚSIÐ KOMIÐ HEIM OG SAMAN FYRIR JÓL!

.. sé gengið frá pöntun í október.



Glæsi eldhúsin  
frá HTH eru  
ekki eins dýr  
og þau líta út  
fyrir að vera!



... þú færð það aðeins betra!



## AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**20% AFSLÁTTUR**  
VEITTUR AF **AEG**  
HEIMILISTÆKJUM  
ÞEGAR KEYPTAR ERU  
INNRETTINGAR FRÁ  
**HTH.**

Ef þið leitið að eldhúsinnréttingu, innréttingu í baðherbergið eða fataskápum, sem sameinar fegurð og gegnheil gæði, ættuð þið að skoða HTH.

Við bjóðum afar fjölbreytt úrval innréttinga í margvíslegum útfærslum, svo þið ættuð að finna hjá okkur vandaða innréttingu, sem hentar smekk ykkar og þörfum.

Þið fáið mikið fyrir peningana, því innifalið í verðinu er ráðgjöf fagfólks við hönnun innréttingarinnar – allt eftir ykkar óskum.

Það er okkur sönn ánægja að kynna fyrir ykkur hina fjölbreyttu möguleika, sem felast í lausnum HTH.

Lítið inn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8 og sjáið það allra ferskasta í hönnun eldhúsinnréttinga.

Opið virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-15.

## ORMSSON

Lágmúla 8 · Sími 530 2800

Fríblöð dafna á heimsvísu á sama tíma og áskriftarblöð horfa fram á dökka framtíð.

## Ótímabær spá um dauða dagblaða

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er heldur ótrúlegt til þess að hugsa að einungis fimm árum og fimm mánuðum frá því að Fréttablaðið hóf göngur sínar er hafin útgáfa á systurblaðinu Nyhedsavisen í Danmörku.

Fáir höfðu trú á á hugmyndinni á bak við Fréttablaðið í byrjun. Þvert á móti þótti það nánast óðs manns æði að ætla að gefa lesendum dagblað í svo stóru upplagi og bera það að auki út ókeypis heim til fólks.

Enda var ekki eins og markaðurinn væri árennilegur. Morgunblaðið, þessi hartnær aldargamla stofnun, hafði um árabil gnæft yfir öðrum dagblöðum; sveif líkt og í 33 þúsund fetum skýjum ofar án þess að þurfa að hafa áhyggjur af samkeppni við aðra prentmiðla sem börðust um í ókyrrara lofti nær jörðu.

Þó liðu ekki nema um átján mánuðir þar til mælingar sýndu að fleiri lásu Fréttablaðið að jafnaði en gamla risann. Nú er staðan þannig að á hverjum degi lesa Fréttablaðið um fjörutíu þúsund fleiri Íslendingar á aldrinum 12 til 80 ára en lesa Morgunblaðið.

Þessi ótrúlega velgengi Fréttablaðsins sýndi að menn höfðu dottið niður á snilldarhugmynd. Sérstaklega þegar það er haft bak við eyrað að um árabil hefur dagblöðum linnulítið verið spáð dauða, enda sýndu upplagstölur dagblaða í ríkari löndum heimsins samfelldan samdrátt með tilheyrandi hnignun í auglýsingasölu. Miðað við þá þróun var því til dæmis spáð að síðasta bandaríska dagblaðið færi í endurvinnslugám í kringum árið 2043.

Það sem dómsdagsspámenningarnir gleymdu hins vegar að taka með í reikninginn var tilkoma fríblaðanna. Allar þeirra tölur miðuðust við áskriftarblöð og eiga raunar enn fyllilega við um þau.

Fyrir rúmlega mánuði var forsíða tímaritsins Economist lögð undir grein sem bar titilinn „Hver drap dagblaðið?“. Þar kom fram að áskriftarblöð um allan hinn vestræna heim eiga í sömu tilvistarkreppu, fallandi upplag og minni tekjur. Ljósíð í myrkrinu, að minnsta kosti fyrir þá sem vilja ekki sjá formið hverfa af sjónarsviðinu, eru fríblöðin. Samkvæmt grein Economist eru þau nú um sextán prósent af daglegu upplagi dagblaða í Eyrópu og fer hlutur þeirra ört vaxandi.

Ísland er komið langt á undan öðrum löndum álfunnar í þessum efnunum. Hér eru fríblöðin tvö um sjötíu prósent af daglegu upplagi dagblaða. Það er því ekki skrítíð að útgefendur víða um heim hafi horft af mikilli athygli til íslenska dagblaðamarkaðarins undanfarnin ár.

Hið danska Fréttablað kom út í fyrsta skipti á föstudag. Gríðarmikill áhugi hefur verið á útgáfunni allt þetta ár, sem sést sjálfsagt best á því að fréttir af fríblaðastríðinu eru næststærsta fréttamál ársins í Danmörku á eftir hamaganginum í kringum Múhameðsteikningarnar.

Útgáfu Nyhedsavisen hefur verið mætt af mikilli hörku af þeim sem fyrir eru á danska dagblaðamarkaðnum og er ómögulegt að spá um hvernig blaðinu muni vegna í þeirri baráttu.

Það sem eftir stendur hins vegar er að framtíðin er fríblöð, hver svo sem mun gefa þau út.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Atvinna óskast**

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Leiðinlegt á Alþingi?

Það var á Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur alþingismanni að skilja í Silfri Egils í gær að henni leiddist í vinnunni. Í það minnsta að ekki væri sérstaklega spennandi að sitja á þingi. „Það er ekki sá vinnustaður sem mér finnst vera sá mest spennandi sem ég hef unnið á,“ sagði Ingibjörg um þingið. Hún ætlar engu að síður að sækjast eftir kjöri í vor.

#### Slæm fyrirmynd

Dagný Jónsdóttir er búin að fá nóg af stjórnáráðum í bili



og hættir á þingi í vor. Dagný er formaður nefndar félagsmálaráðherra um þverpólitískar aðgerðir til að jafna hlut kynjanna í stjórnáráðum en á hennar vegum er einmitt fundur í kvöld um málið. Ákvörðun Dagnýjar um að sækjast ekki eftir endurkjöri er varla til fyrirmyndar og rímar illa við markmið nefndarinnar sem hún veitir formennsku.

#### Skytturnar þrjár

Kennsla í réttarfari í Háskólanum í Reykjavík er svo sannarlega í höndum manna með reynslu af



Reynsla þeirra úr Baugsmálinu skiptir líklega sköpum í þessu samhengi.

bjorn@frettabladid.is

## Leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins

Áratugum saman neituðu Áforystumenn Sjálfstæðisflokksins að ríkið njósnadi um róttækt fólk á vinstri vængnum. Grein Þórs Whitehead í Þjóðmálum sannar að neitanir Sjálfstæðisflokksins voru gegn betri vitund. Sú „strangleynilega öryggisþjónusta“ sem hann dregur upp á yfirborðið var auðvitað ekkert annað en leyniþjónusta. Hún var undir stjórn innmúraðra Sjálfstæðismanna, fjármögnum án lagaheimilda, studdist við upplýsingar sem flokksskrifstofa Sjálfstæðisflokksins aflaði, átti samstarf við erlenda njósnara, kom upplýsingum í hendur erlends stórveldis – og braut að mínu viti grundvallarákvæði stjórnarskrárinnar um skoðanafrelsi.

#### Náin tengsl flokks og leyniþjónusta

Grein Þórs varpar skýru ljósi á ótrúlega náin tengsl Sjálfstæðisflokksins og íslensku leyniþjónustunnar. Þór upplýsir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stundað sjálfstæða upplýsingaöflun, m.a. með flugmönnum innan Sósíalísta-flokksins. Eitt af verkefnum leyniþjónustunnar var að koma í veg fyrir að menn með óæskilegar skoðanir fengju vinnu hjá bandaríska hernum. Þór segir að ráðherrar hafi fyrirskipað flokksskrifstofunni að afhenda leyniþjónustunni upplýsingar um pólitískar skoðanir manna. Hann telur að flokksskrifstofa Framsóknar og „trúnaðarmenn úr Alþýðuflokknum“ hafi einnig komið að þessu verki, „en ætla verður að merktar kjörskrár Sjálfstæðisflokksins hafi komið að mestum notum við þetta eftirlit.“

Miklu alvarlegra er þó, að Þór staðhæfir, að ráðherrar hafi skipað flokksskrifstofum að hafa í þessu skyni beint samstarf við bandaríska leyniþjónustuna með því að láta henni í té upplýsingar milliliðalaust.



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON Í DAG | Pólitísk upplýsingaöflun

#### Brot gegn stjórnarskrá – skoðanafrelsi

Málsbætur þeirra, sem stóðu að stofnun hinnar „strangleynilegu öryggisþjónustu“ eru auðvitað til. Harkan milli andstæðra stjórnáráðamálaskoðana var miklu meiri en á okkar dögum. Upphafsmenn hennar trúðu því um hríð að lífi og limum forystumanna á hægri vængnum væri ógnað. Það breytir ekki hinu, að það er hættulegt lýðræðinu og að mínu viti án lagalegrar eða siðferðilegrar varnar þegar stjórnáráðaflokkar, eða lögregla, afhenda erlendum leyniþjónustum upplýsingar um pólitískar skoðanir Íslendinga.

Stjórnarskráin veitir öllum mönnum frelsi til að hafa skoðanir. Upplýsingarnar sem hin „strangleynilega öryggisþjónusta“ aflaði voru notaðar m. a. til að koma í veg fyrir að menn fengju vinnu hjá hernum eða ákveðin störf hjá hinu opinbera, en líka til að koma þeim úr starfi. Um það tilgreinir Þór Whitehead dæmi. Um leið er brotinn rétturinn til að hafa skoðanir.

Í þessu felst sönnun þess að starfsemi leyniþjónustunnar braut gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um skoðanafrelsi Íslendinga.

#### Starfar leyniþjónustan enn?

Þór leiðir hvernig getum við því hvenær, eða hvort, leyniþjónustan hafi hætt störfum. Hann segir þó

öllum mögulegum hliðum réttarfarsins. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari, Sigurður Tómas Magnússon saksóknari og Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotaeildar Ríkislögreglustjóra, sjá um kennslu í þessu mikilvæga fagi. Þeir geta vafalítið miðlað því til nemenda sinna hvað telst brot á réttarfarsreglum og hvað ekki.

Reynsla þeirra úr Baugsmálinu skiptir líklega sköpum í þessu samhengi.

bjorn@frettabladid.is

að eftirlitsbúnaður hafi haldið „áfram að berast frá bandamönnum um allt til loka kalda stríðsins“. Hann lætur skína í að eftir kalda stríðið hafi íslenska leyniþjónustan gert rannsókn á því með tilstyrk þýskra kollega hvort Íslendingar sem námu austantjalds, hafi gerst njósnarar. Svo reyndist ekki vera. Heimild Þórs er m.a. Róbert Trausti Árnason, sem við lok kalda stríðsins var skrifstofustjóri varnarmáladæildar. Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra til 1995 vissi á þeim tíma hvorki af rannsókninni né leyniþjónustunni. Fróðlegt væri að vita hvort þáverandi forsætisráðherra eða dómsmálaráðherra, sem nú er ritstjóri Fréttablaðsins, vissu af henni en rannsóknin hlýtur m.a. að hafa beinst að fyrirverandi ráðherrum. Hvaða stjórnvald fyrirskipaði þá rannsókn? Þetta sannar að leyniþjónustan er í fullu fjöri við eftirlit með pólitískum andstæðingum Sjálfstæðisflokksins þegar kalda stríðinu lýkur með falli Sovétríkjanna 1991.

Steingrímur Hermannsson hefur sagt að hann hafi sem ráðherra aldrei vitað af neinni leyniþjónustustarfsemi. Af því tilefni fullyrta Björn Bjarnason á heimasíðu sinni að á tíma Steingríms hafi farið með þessi mál með sama hætti og í tíð Geirs Hallgrímssonar, og vísaði um það til starfa síns sem skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu. Björn Bjarnason er því eini stjórnáráðmaðurinn sem situr á Alþingi sem virðist um langt skeið hafa þekkt til hinnar „strangleynilegu öryggisþjónustu“.

Björn Bjarnason hlýtur því að upplýsa Alþingi hvernig starfsemi þessarar leynilegu, og líklega löglausu, starfsemi hefur verið háttá frá því kalda stríðinu lauk. Er hún ennþá starfandi, hvaða aðferðum beitir hún – og í krafti hvaða heimilda? Og hvers vegna þegja fjölmiðlarnir?

## Fjarðarárverkjun fyrirmynd

### UMRÆÐAN | Nýting náttúruauðlinda

Það er fyllilega tímabært að staldra við og endurskoða með hvaða hætti er rétt að ráðast í verkjanaframkvæmdir líkt og Samfylkingin hefur lagt til. Hingað til hafa nýtingarsjónamiðin verið í forgrunni en náttúruverndin afgangsstærð. Þessu þarf að breyta. Það þarf að setja náttúruverndina í fyrsta sætið en síðan að skoða nýtingarmöguleikana. Gott dæmi um forgang náttúrunnar er ný verkjun Fjarðarár í Seyðisfirði.

Það kom í minn hlut sem þá bæjarstjóri Seyðisfirðinga að stýra samningagerðinni við Íslenska Orkuverkjun. Þar voru sett fram skýr náttúruverndarsjónarmið áður en hafist var handa við að reikna út arðemina. Framkvæmdin skyldi taka mið af verndun náttúrunnar og arðemisútreikningar byggja á þeim forsendum.

Í gömlu vatnalögnum var gert ráð fyrir að við verkjanaframkvæmdir væru nýtingarmöguleikarnir hámarkaðir. Við verkjun Fjarðarár var þessu ófugt farið. Viðtæk sátt náðist innan bæjarins um að ánsýnd árinna og fossana mætti ekki eyðileggja. Þannig fékk áin og fossarnir forgang að vatnsrennslinu en það sem umfram var mátti nýta til raforkuframleiðslu. Náttúran kom fyrst en síðan nýting.



TRYGGVI HARDARSON

Annað var gert ljóst áður en hafist var handa um arðemisútreikninga. Allar þjár skyldu lagðar í jörð þannig að þær skemmdu ekki hið ægífagra umhverfi Seyðisfjarðar. Að þessum forsendum gefnum gat fyrirtækið farið að reikna út hvort framkvæmdin væri arðbær.

Fyrirliggjandi rammaáætlunum um verkjanir á Íslandi þarf að henda út í hafsauga og vinna þær alveg upp á nýtt. Byrja þarf á að skilgreina hvort og þá með hvaða hætti megi ganga á náttúru Íslands í hverju og einstöku tilfelli. Þegar sett hafa verið skýr mörk á forsendum náttúruverndar er hægt að fara að skoða hvort og hvar sé arðsamt að verkja. Nýting og arðemi taki þannig mið af fyrirframgefnum náttúruverndarsjónarmiðum en ekki að reynt verði að þvinga náttúruverndina að nýtingarsjónarmiðum. Það á jafnt við um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir.

Sú mikla umræða sem verið hefur undanfarið um verkjunarmál og umgengi við náttúru Íslands kallar á ný vinnubrögð og nýja fálgun varðandi slíkar framkvæmdir. Ný verkjun í Fjarðará getur orðið þar til fyrirmyndar. Láttu náttúruna hafa forgang en nýtinguna mæta afgangi.

Höfundur sækist eftir 3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

FRAMSÆKIN EN  
KLASSÍSK HÖNNUN  
Móðern í Kópavogi.  
HÚS 2



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

## FASTEIGNASÖLUR

Ás	14-16
Ásbyrgi	19
Árborgir	8
Atlas International	32
Draumahús	22 - 23
Eignamiðlun Suðurn.	17
Eignastýring	25
Eignaval	6
Fasteignamarkaðurinn	27
Fasteignam. Kópav.	24
Garður	30
Gimli	7
Íslenskir aðalverktakar	9
Kjarni Byggingafél.	8
Lundur	28
Lögmenn Suðurlandi	13
Remax	31
SM fjárfestar	27
Stuðlaberg	10
Valhöll	21
Viðskiptahúsið	20

## GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 9.  
október, 282. dagur ársins  
2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag	
Reykjavík	7.59	13.15	18.29
Akureyri	7.47	13.00	18.11

Heimild: Almanak Háskólans

  
Smáauglýsingasími  
**550 5000**  
Auglýsingasími Allt  
**550 5880**  
Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Blómvellir 4 er fallett hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Afar glæsilegt hús

Fasteignasalan Draumahús hefur til sölu vandað 231,8 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum.

Húsið, sem stendur við Blómvelli 4 í Hafnarfirði, er afar vandað og nánast fullfrá-gengið. Gengið er inn í forstofu með flisum og parketti en inn af henni er stofa, eldhús og hol með gegnheilu hnotuparketti en allar innihurðir eru úr hnotu.

Eldhúsið er með falglegri dökkri viðarinn-réttingu, eldunareyju með keramikhellu-borði og mjög góðu borðplássi. Á neðri hæð-inni er einnig þvottahús með flisum og veglegri innréttingu. Þaðan er útgengt bæði í garð og bílskúr, en sömuleiðis er hægt að komast inn í garðinn frá stofu og holi.

Á milli hæðanna tveggja er steyptur stigi með gegnheilli hnotu og er handrið úr burst-

uðu stáli. Á efri hæð eru svo tvö svefnher-bergi, baðherbergi og sjónvarpshol en þaðan er útgengt á stórar suðursvalir. Bæði svefnherbergin eru með skápum og er bað-herbergi flísalagt í hól og gólf. Þar er einn-ig baðkar, sturta og falleg innrétting.

Gólfhiti er í öllum aðalrymum hússins og í hluta 100 fermetra skrautsteypta bílastæð-ísins er einnig hiti. Húsið er að hluta til húðað með falglegum dökkum kvarsuln-ingi er annars staðar er það slétt húðað og málað í ljósum lit.

Bílskúrinn er ekki síður glæsilegur en hann er klæddur með lituðu búrústáli. Á neðri hæð hússins er einnig 36 fermetra rými sem í dag er nýtt sem vinnustofa. Mjög auðvelt væri að breyta rýminu í íbúð því allar lagnir fyrir bæði eldhús og salerni eru fyrir hendi.

Uppgefið verð er 49,9 milljónir.

## Útboð hefjast á ný

FORSÆTISRÁÐHERRA BOÐADI Í STEFNURÆÐU SINNI Í SÍÐUSTU VIKU AÐ AÐHALDSÁÐGERÐUM RÍKISSTJÓRNARINNAR VÆRI AÐ LJÚKA OG TÍMI VÆRI KOMINN AÐ HALDA AFTUR Í ÚTBOÐIN.

Stefnt er að því að auglýsa útboð á vegafarmkvæmd-um í Mjóafirði um mánaða-mótin en útboðsgögn eru ekki að fullu tilbúin. Dagsetning er komin á útboðið á heimasíðu Vega-gerðarinnar sem er þann 30. október. Tilboð verða opnuð í desember og framkvæmdir væntanlega hafnar um áramót.

Hins vegar verður Tröllatunguvegur ekki boðinn út fyrr en á næsta ári en vegurinn kemur til með að tengja Strandir og Reykhólahrepp um Arnkötuldal og Gautsdal. Vegurinn mun stytta vegalengdina milli suðvesturhornsins og norðanverðra Vestfjarða um ríflega 40 kílómetra.

Einnig hefur vegagerðin á Norðausturlandi fengið heimild á ný til að bjóða út vegafarmkvæmdir. Sett verður í forgang að ljúka við að leggja bundið slitlag á þjóðveg eitt til Egilsstaða.

- jóa

# Ágætu viðskiptavinir !!

Höfum lokað verslun okkar að Bolholtí 4. Erum að koma okkur fyrir í nýju húsnæði að Draghálsi 14-16.

 ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14-16 • 110 Rvk • s. 412-1200 • [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)



## HAUST ÚTSALAN er hafin

50% afsláttur af allri gjafavöru

- Blómálfurinn

Aðspurður sagði Garðar ekki vera sérlega hrifinn af rokktonlist dagsins í dag. „Það er nú varla hægt að setja þetta undir sama hatt, gamla rokkið var svo melódískt. Sumt er gott, en ég sakna melódíanna í lögunum,“ sagði hann. Stjórnufansinn lofar góðri skemmtun á tónleikunum í Salnum. „Ef það verður allt vitlaust í ár líka reynum við að bæta við tónleikum,“ sagði Garðar kátur að lokum.

sunna@frettabladid.is

### SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Úrval
- ★ Fagmennska



Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566

www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfjörð

Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

## Kirkjan og samkynhneigð

Samkynhneigð, trú og kirkja er yfirskriftin á fjögurra kvöldna námskeiði á vegum Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar sem hefst í Grensáskirkju annað kvöld.

Fjallað verður um þau atriði sem deilt er um hvað varðar afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra og velt verður upp spurningum eins og hvernig Biblían er túlkuð í þessum efnunum. „Við vildum mæta þörfinni fyrir samtal um þessi efni innan kirkjunnar og á breiðari vísu,“ segir Irma Sjöfn Óskarsdóttir, verkefnisstjóri Leikmannaskólans. „Námskeiðið er hugsað sem upphaf að fræðsluferð um allt landið og byggir á verkefnum sem sérfræðingar hafa unnið fyrir þjóðkirkjunna.“

Kennarar á námskeiðinu eru dr. Kristinn Ólason rektor í Skálholtsskóla, dr. Arnfríður Guðmundsdóttir dósent, Kristján Valur Ingólfsson, prestur og lektor, og Grétar Einarsson, verslunarmaður og forsvarsmáður trúarhóps Samtakanna 78.

Irma Sjöfn segist finna mikinn áhuga hjá almenningi á trúarmálum í tengslum við hið daglega líf. „Við höfum fundið fyrir því í söfnuðunum að fólk vill fá að ræða þetta mál og ákváðum því að halda ítarlegt námskeið.“

Allir eru velkomnir á námskeiðin en upplýsingar um skráningu má finna á síðunni [kirkjan.is/leikmannaskoli](http://kirkjan.is/leikmannaskoli).



IRMA SJÖFN Segist finna mikinn áhuga hjá almenningi á trúarmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





# TEKINN

9 OKT. KL. NIŪ



90% hestola na SIRKUS TV & SIRKUS TV+ a ADSL kortina. Bredbandu. Digital bíand en nannig er langt all ná Sirkus TV með veiplegu UNF loftvél





## Viðurkenning til framúrskarandi menningarstarfs á landsbyggðinni

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Fyrstu Eyrarrósina, sem afhent var árið 2005, hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði og Eyrarrósina 2006 hlaut LungA, listahátíð ungs fólks, Austurlandi.

- Úthlutunarnefnd tilnefni þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2007
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður afhent í ársbyrjun 2007 á Bessastöðum
- Verkefnið sem hlýtur viðurkenninguna fær sérstaka kynningu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2007
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú

### HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM EYRARRÓSINA 2007

#### UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

##### Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

##### Tíma- og verkáætlun

Gerð skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2007. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

##### Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

##### Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári.

Uppgjör ársins 2005 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Umsóknarfrestur er til 13. nóvember 2006 og verður öllum umsóknum svarað
- Viðurkenningin verður veitt í janúar 2007
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar Eyrarrósinn

Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík í síma 561 2444, hrefna@artfest.is  
www.listahatid.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Tjáningarform kvenna

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR VILL EKKI TJÁ SIG MEÐ RASSINUM



Ég var með kennara í háskólanum sem var mikið í mun um að skilja heiminn í kringum sig, og eitt af því sem hann leitaðist við að skilja var árátta kvenna fyrir fatnaði og skóm. Augu hans leiftruðu þegar hann taldi sig hafa öðlast skilning á einhverju. Í einum af þessum leiftur augnablikum áttaði hann sig á þessu. Fatnaður væri hluti af tjáningu kvenna og þar með var málið leyst. Spurningin er hins vegar: hvað eru þær að tjá?

Margar konur telja fötin tjá líkamsvöxt. Konur eru auðvitað

líkami sinn en kannski ekki vaxtarlagið. Ég sver það að ég þekki varla konu sem er fullkomlega ánægð með vöxt sinn, ef rassinn er ekki of stór þá er hann of lítill, eða nefið asnalegt, leggirnir of stuttir eða maginn of þrúttinn og brjóstin ýmist of stór eða of lítil, eða mittið alveg fáránlegt.

Ef þú sem ert að lesa þetta ert kona og finnst þú algerlega stórkostleg án þess að hafa lagt á þig ómælda vinnu í að fullkomna líkama þinn, þá óska ég þér til hamingju því þú hefur fundið lykilið að frelsinu og losað þig undan einum stærsta óvini kvenna. Sá óvinur er hvorki karlmaður, fjölmíðill né appelsínuhúð, heldur meðvitund. Konur eru alltof

meðvitaðar um útlit sitt, og eru því hundfúlar þegar fatnaðurinn undirstrikar ímyndaða líkamsgalla. Tjáningin fer því oftar en ekki fyrir lítið þar sem stór rass getur sett sjálfsmýnd konunnar úr skorðum. Eins og rassinn skipti ölu máli? Og hver vill svo sem tjá sig með rassinum?

Auðvitað er þetta hálfgerð hraðsuðu speki sem á sér kannski enga stoð, en ég vonast þó til þess að það leynist sannleikskorn þarna einhversstaðar. Þótt það væri ekki nema til þess að leiftur myndi kvikna í augum einherrar konu og hún myndi loksins skilja þetta, og frelsast undan eigin meðvitund. Það er kannski til of mikils ætlast?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ný norræn tónlist á Sölvhóli



Tónlistarhópurinn Aton heldur tónleika í Listaháskóla Íslands á Sölvhóli í kvöld kl. 20. Tónleikarnir eru liðir í Norrænum músikdögum sem nú standa yfir í Reykjavík. Á fenniskrá kvöldsins eru verk eftir Áka Ásgeirsson, Inga Garðar Erlendsson, Kaj Aune, Steingrím Rohloff og Lene Grenager.

Aton sérhæfir sig í flutningi nýrrar tónlistar en hópurinn hefur starfað frá 1998 og hefur frumflutt um fjöru tónleikverk. Aton hefur haldið tónleika í Reykjavík, á landsbyggðinni, á Grænlandi og í Færeyjum og var hópurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004 sem bjartasta vonin.

ATÓN LEIKUR Á NORRÆNUM MÚSIKDÖGUM Frumflytur verk eftir Áka Ásgeirsson og Kaj Aune. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Þróttnámið um kvænabúrinu**  
W. A. MOZART  
ATH! Aðeins sýnt í október

BROTTHNÁMIÐ ÚR KVENABÚRINU - eftir W. A. Mozart 25 ára og yngri: 50% afsl.  
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20  
8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20  
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING - Kynning fyrir sýningu í boði VIÓ kl. 19.15

HÁDEGISTÓNLEIKAR - LJÓÐ; ROBERT SCHUMANN  
Þriðjudaginn 10. október kl. 12.15  
Finnur Bjarnason, tenór, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Leikarar pæla í Sólarferð

Leikarahópur Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi stefnir næstu vikur inn á spennandi og óþekkt svið í nýju verkefni sem hann kalla Dogma.

Með heitinu er vísað til kenninga-smíða sem fastar eru í sessi, en hópur leikara fer næstu fjórar vikur í vinnu með starfsaðferðir sínar og vana. Tilgangurinn er að endurskoða föst vinnuferfi, grandskoða aðferðir og finna nýjar. Í lok tímabilsins verður efnt til opinberra sýninga á vinnu hópsins.

„Við vitum ekkert hvað við erum að fara út í,“ sagði Steinunn Knútsdóttir, dramaturg Leikfélagsins. „Þetta er tilraun. Við vitum ekkert hvað gerist, ekki heldur hvar árangur af vinnu hópsins verður fluttur fyrir almenning þegar þar að kemur.“

Hópurinn skipa Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Davíð Guðbrandsson, Friðrik Friðriksson, Hildigunnur Þránsdóttir, Orri Huginn Ágústson, Sóley Elíasdóttir, Valur Freyr Einarsson, en Eggert Þorleifsson og Marta Nordal hafa tekið að sér að „bounca“ hópurinn, koma með viðbrögð við því sem gerist í vinnunni.

Í tilrauninni er skorað á leikarann að vinna án leikstjórnar, leikmyndahönnuðar eða búningahönnuðar. Hópurinn valdi sér sem viðfangsefni Sólarferð eftir Guðmund Steinsson sem naut mikilla vinsælda á áttunda áratugnum. Þótti við hæfi að takast á við íslenskt verk en betra að ráðast í



STEINUNN KNÚTSDÓTTIR „Óljóst hvar þetta endar og hvar verkeið verður sýnt.“

texta sem hafði farið í gegnum frumsýningu.

Í þeirri oft hröðu vinnu sem leikarar leggja á sig við að tileinka sér hlutverk vaknar oft hjá þeim þörf fyrir að brjóta upp vanann og leita nýrra leiða og ferskra vinda. Síðar í vetur hyggst LR taka leikstjóra sína í svipað verkefni.

-pbb



GUÐMUNDUR STEINSSON Sólarferð og Stundarfríður voru með vinsælustu sýningum Þjóðleikhússins á síðustu öld en mörg verka hans hafa aldrei komist á svið.

**MR SKALLA GRIMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýningar í október í Landnámssetri

Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt  
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt  
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt  
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt  
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt  
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt  
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt  
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt  
Fimmtudagur 26. október kl. 20

Síðasta sýning - Uppselt

LEIKHÚSTILBOÐ: Tvírétttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800  
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu fyrir sýningardag

**afgangar**

**AFGANGAR**  
Fim. 12. okt. kl. 21.00  
Fim. 19. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**  
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus  
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus  
Sun. 5. nóv. kl. 13.30 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**„SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“** MEIN KAMPF

<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b> Sun 15/10 kl. 14 Lau 28/10 kl. 14	<b>MEIN KAMPF</b> Sun 22/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20	<b>MEIN KAMPF</b> Lau 14/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20	Lau 21/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
<b>VILTU FINNA MILLJÓN?</b> Fös 13/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20	Sun 15/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20	<b>LEIKHÚSSPJALL</b> Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Krínglunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf. Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.	
<b>FOOTLOOSE</b> Fim 12/10 kl. 20 Sun 22/10 kl. 20	Lau 14/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20	<b>AMADEUS</b> Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort. Fim 26/10 kl. 20 2. sýning Gul kort. Lau 4/11 kl. 20 3. sýning Rauð kort. Sun 12/11 kl. 20 4. sýning Græn kort Lau 18/11 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 19/11 kl. 20 6. sýning	
<b>HVÍT KANÍNA</b> Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópin. Fim 12/10 kl. 20 Bannað innan 16 ára. Síðustu sýningar	Fös 13/10 kl. 20	<b>VIÐ ERUM KOMIN-ÍÐ</b> Októbersýning Íd. 2 ný verk: Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.	
<b>BRILLJANT SKILNAÐUR</b> Fim 26/10 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20 Aðeins þessar sýningar.	Fim 2/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20		
<b>MANNTAFL</b> Sun 29/10 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 Aðeins þessar sýningar.	Fös 3/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20	Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS. Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20 Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20	

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.  
Fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10, fös. 20/10. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.  
Sun. 15/10 kl. 21:00. **Allra síðasta sýning!**

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER**  
Fyrirlestur um verk Nóbelskaldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksvínarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
Lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 21/10 kl. 14:00, sun. 22/10 kl. 14:00, sun. 29/10 örfá sæti laus.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 uppselt, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 uppselt, fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11, fim. 9/11, fös. 10/11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.  
Sun. 15/10 kl. 17:00, sun. 22/10 kl. 17:00.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.  
Lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 örfá sæti laus, lau. 21/10, sun. 22/10.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker  
Frumssýning í Fjölbrotaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl. 13:00, forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum að Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 8:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**



**JACK BLACK** Gamanleikarinn vinsæli mun framleiða nýja kvikmynd um bandarískan ruðning.

## Jack Black í ruðningi

Gamaleikarinn Jack Black mun framleiða og fara með aukahlutverk í nýrri kvikmynd um bandarískt háskólaruðningslið.

Söguþráður myndarinnar er byggður á grein sem birtist í New York Times undir fyrirsögninni In College Football, Big Paydays for Humiliation. Fjallar hún um lið sem borga milljónir króna til að fá veikari lið til að spila á móti sér. Næsta mynd Jack Black verður aftur á móti Tenacious D: The Pick of Destiny sem kemur í kvikmyndahús 17. nóvember.

## Eva slösuð

Eva Longoria slasaðist á tókustað Aðþrengdra eiginkvenna á fimmtudaginn. Eva var á leið út úr hjólhýsi sínu þegar hún missti fóttanna með þeim afleiðingum að rifbein hennar mörðust illa. Hún var flutt á sjúkrahús til aðhlyningar en var komin aftur á tókustað og í vinnu innan örfárra klukkutíma. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem



stjarnan slasast við vinnu sína, því hún fékk ljósabúnað í höfuðið á síðasta ári. Eva hefur þó kærasta sinn, körfubolta-stjornuna Tony Parker, til að styðja sig við, en hann neitaði nýlega sögusögn um um að þau væru hætt saman.

## Hlerunarmál Kidman

Ástralski ljósmyndarinn Jamie Fawcett mætir fyrir rétt í næsta mánuði en hann hefur verið kærður fyrir að hafa sett upp hlerunarbúnað við heimili leik-



**NICOLE KIDMAN** Kærir ljósmyndara fyrir að hafa njósnað um hana í Ástralíu.

Fawcett neitar þó þessum ásökunum og segir ásakanirnar tilbúning af hálfu lögreglunnar til að reyna að láta málið líta alvarlegar út en það í raun og veru gerir.

# Með flottustu leggina í bransanum

Söngkonan Fergie úr hljómsveitinni Black Eyed Peas varð þess heiðurs aðnjótandi fyrir helgi að leggir hennar voru valdir þeir flottustu í skemmtanabransanum. Hin 31 árs Fergie, sem gaf nýverið út fyrstu sólóplötu sína, skaut fjölmörgum stórstjörnum ref fyrir rass í kosningunni, sem fór fram á vefsíðu Sky.

Þær dívur sem kepptu hvað harðast við Fergie um titil þennan voru söngkonan Christina Aguilera og fyrirsætun Petra Nemcova sem lentu í öðru og þriðja sæti. Nemcova var þó ekki eina fyrirsætun sem komst á topp tíu listann því Naomi Campbell hafnaði í fimmta sæti. Aðrar dómur á listanum voru leikkonan Sienna Miller, fyrrum kryddþían Emma Bunton og Friends-stjarnan Jennifer Aniston.

Alls voru 52 konur á forvalslista sem þátttakendur gátu valið úr. Meðal þeirra sem horft var framhjá voru Victoria Beckham, Angelina Jolie og París Hilton.



**FLOTTUSTU LEGGIRNIR** Hér er dýrðin, leggir söngkonunnar Fergie úr Black Eyed Peas.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



# Stjörnur fögnuðu 20 ára afmæli Stöðvar 2 á Kjarvalsstöðum

Fyrir tuttugu árum varð mikil bylting í íslensku sjónvarpi þegar Stöð 2 fór fyrst í loftið og rauf einokun RÚV á skjáum landsmanna.

Margir muna eflaust eftir fyrstu útsendingunni þar sem þáttastjórnendur sátu hljóðir enda hafði einhverjum tæknimanninum tekist að klippa í sundur snúrur sem lágu í hljóðnemana. Í dag er væntanlega bara hlegið að þessum atburði þótt vafalítið hafi þetta verið lítið aðhláturfefni á sínum tíma. Gömul og ný andlit af skjáum landsmanna mættu á Kjarvalsstaði til að samgledjast afmælisbarninu á fimmtudag og heppnaðist veislan með ágætum enda margt sem viðstaddir þurftu að rifja upp frá undangengnum árum.



**FRUMKVÖÐULLINN** Jón Óttar Ragnarsson var sá sem byrjaði á þessu öllu og Vala Matt var honum innan handar en hér eru þau ásamt Hans Kristjáni Árnasyni.



**HVOR ER BÓ?** Björgvin Halldórsson og Guðjón Guðmundsson ræða málin en ípróttafréttamaðurinn er þekkt Bó-eftirherma.



**DÓMARA - TRÍÓIÐ** Pau Einar Bárðarson, Ellý í Q4Y og Páll Óskar voru að sjálfsgöðu meðal afmælisgesta en þátturinn þeirra X - Factor fer bráðum í loftið.



**TVEIR MEÐ ÖLLU** Hemmi Gunn og Jón Ársæll stjórna báðir vinsælum þáttum á Stöð 2. Þessir aldavinir ræddu að sjálfsgöðu málin.



**FJÓRIR GÓÐIR** Peir Jafet Ólafsson, Guðjón Guðmundsson, Sigurður P. Ragnarsson og Jónas R. Jónasson voru að sjálfsgöðu hrókar alls fagnaðar.



**RÖDD STÖÐVARINNAR** Björn Björnsson, Ragnheiður Reynisdóttir og eiginmaður hennar Björgvin Halldórsson, sem hefur verið rödd stöðvarinnar undanfarnin ár.



**EDDA ANDRÉSDÓTTIR, SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON, SIGMAR VILHJÁLMSON** Slegið var á léttu strengi á fimmtudagskvöldinu og þau Edda Andrésdóttir, Sigurdur Ernir Rúnarsson og Sigmar Vilhjálmsson voru kampakát.

# Gaultier fagnar 30 árum

Franski tískuhönnuðurinn og frumkvöðullinn Jean Paul Gaultier fagnar þrjátíu ára hönnunarfærni sinni á þessu ári. Þessum tímamótum gerði Gaultier skil áður en tískusýning hans fyrir vor/sumar 2007 hófst á tiskuvíkunni í París á dögunum. Gaultier ákvað að hverfa aftur til fyrri tíðar þar sem hann notaðist við gömul snið og færðu þau í nýjan búning. Oddhvössa brjóstin sem Madonna gerði fræg hér um árið, röndóttu sjóliðapemað og tjullpilsin vöknudu aftur til lífsins enda hefur Gaultier haft mikil áhrif á tiskuna undanfarin þrjátíu ár. -ap



**VOR/SUMAR 2007** Þessi silfurlitaði kjóll er úr nýjustu línu Gaultiers og sýnir að karlinn hefur engu gleymt og heldur ótrauður áfram að hafa áhrif í tískuheiminum. Fyrirsætan er einnig óvanaleg að því leyti að hún er í eldri kantinum, öfugt við það sem venjan er á tiskupöllum heimsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTIMAGE



**SVART/HVÍTT** Gaultier var mjög þekktur fyrir svarthvít-röndóttu boli sína og kjóla þar sem auglýsingaferðin var með sjóliða- og siglingapema.



**ODDHVÖSS** Þessa sérkennilegu hönnun gerði söngkonan Madonna fræga en hún notaðist við krafta Gaultiers þegar hún var að gefa út plötur Vogue, Bedtime stories og Erotica. Hugmyndafræðin á bak við þessa hönnun var að karlmenn ættu að vara sig á brjóstum kvenna sem gætu stungið.



**„NINETIES“** Mótórhjólaleðurjakka og tjullpils má einnig tileinka við söngkonuna Madonna en hún var oftast ekki klædd í slík fót. Þetta gæti hins vegar verið að koma aftur í tísku því tíundi áratugurinn virðist hafa áhrif á tiskuna í vetur.



**KORSELETT** Gaultier hannaði margar flikur sem skórtuðu korselettum á einn eða annan hátt. Þessi fyrirsæta er ekki eins vaxin og þær sem stíka tiskupallana núna en hún naut sín samt vel þar.

# Danir áhugasamir um upptökur hér

Í Danmörku er hafinn undirbúningur fyrir stórmyndina Valhallen Rising sem fjallar um landafundi víkinganna í Ameríku. Eins og flestir ættu að vita var það hinn íslenski Leifur Eiríksson sem fann Ameríku og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa borist nokkrar fyrirspurnir frá frændum vorum í Danmörku til kvikmyndafyrirtækja hér á landi og eins og einn orðaði það þá „væri það í hæsta máta óvenjulegt ef hluti myndarinnar yrði ekki tekinn upp hér á landi“. Gerð myndarinnar var uppljóstrað á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg fyrir ári síðan og er nú verið að vinna í handritinu og leita að fjármagni.

Leikstjóri myndarinnar er Nicholas Winding Refn sem er þekktastur fyrir þrífleikinn Pusher en hann var sýndur hér á landi við miklar vinsældir. Samkvæmt kvikmyndavefnum imdb.com hefur sænski stórleikarinn Stellan Skarsgård þegar gefið vilyrði fyrir þátttöku sinni en stærstu fréttirnar eru væntanlega þær að Mads Mikkelsen mun einnig leika í myndinni. Ekki líður á löngu þar til Mikkelsen verður á allra vörum en hann leikur þrjótinn Le Chiffre í nýjustu Bond-myndinni Casino Royal. Þeir Skarsgård og Mikkelsen er heldur ekki ókunnugir kvikmyndagerð á Íslandi; Skarsgård lék sem kunnugt er í Bjólfskviðu Sturlu Gunnarssonar sem var öll gerð hér á landi en Mikkelsen kom hingað til lands fyrir tæpum áratug og lék í kvikmyndinni Vildspor þar sem fjöldi íslenskra leikara kom við sögu, þeirra á meðal Egill Ólafsson og Finnur Jóhannesson. - fgg

**MADS MIKKELSEN** Leikur þrjótinn Le Chiffre í nýjustu Bond-myndinni og gæti verið á leiðinni til landsins vegna kvikmyndarinnar Valhallen Rising.

**STELLAN SKARSGÁRD** Lék í Bjólfskviðu hér á landi og gæti verið á leiðinni hingað aftur.



# Tvær flugur í einu höggi!

Vertu sérfræðingur í IBM POWER netþjónum og fáðu einn með heim

Nýherji og IBM bjóða upp á tveggja daga námskeið þann 11. og 12. október þar sem þú færð tækifæri til að auka færni þína á besta vefþjónum á markaði í dag.

IBM POWER5 netþjónar eru þeir öflugustu á markaðnum í dag samkvæmt helstu afkastamælingum.

Þegar sérfræðingar frá IBM hafa yfirfært kunnáttu sína á þessu tveggja daga námskeiði er nauðsynlegt að æfa sig og því færðu að taka með þér netþjón til eigin nota og þannig margfaldað notagildi námskeiðisins. Einstakt tækifæri á því að auka þekkingu og bæta besta vefþjónum í safni þínu að kostnaðarlausu.

Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir uppsetningu á netþjónum, þar með talið uppsetningu á Apache, rekstur AIX (IBM Unix), Linux og uppsetningu sýndarvéla en með IBM POWER5 örgjörvanum er hægt að skipta hverjum kjarna í 10 sýndarvélar.

Verð námskeiðs, kr. 290.000.-

Skráðu þig með því að senda póst á [ver@nyherji.is](mailto:ver@nyherji.is)

Nánari upplýsingar má finna á [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



**NÝHERJI**

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



www.haskolabio.is

Nýjasta stórvirkid frá **Oliver Stone**  
NICOLAY CAGE  
**WORLD TRADE CENTER**  
Stórmynd sem lætur engan ósnortin.

**Truflaðasta**  
Frínmynd ársins er komin.  
**Beerfest**  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...

Frá höfundl  
„Training Day“  
**Harsh Times**  
Hörku mynd með Christian Bale og „Batman Begins“  
og Eva Longoria „Desperate Housewives“

**THE QUEEN**  
BESTI LEIKSTJÓRINN  
Ótextuð

**THE ROAD TO GUANTANAMO**  
SIGURVEGARI  
kvikmyndahátíðin í Berlín  
BESTI LEIKSTJÓRINN  
Ótextuð

**Step Up**  
Frá höfundl  
„Training Day“  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...  
ATH! Hugur Sálvarvörðs ferri á milli...

**ÖBYGGÐIRNAR**  
„THE WILD“  
Sýnd með íslensku og ensku tali!

**BÖRN**  
KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

WORLD TRADE CENTER	kl. 6 - 8:30 - 10:10	B.1.12
THE ROAD TO GUANTANAMO	kl. 6 - 8 - 10:10	B.1.16
THE QUEEN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.1.12
ÖBYGGÐIRNAR M-Ísl.tal	kl. 6	Leyð.
BJÓLFSKVIDA	kl. 8	B.1.16
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 9	B.1.12

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓN / ALFABAKKA			SAMBÍÓN / KRINGLUNNI			SAMBÍÓN / KEFLAVÍK			SAMBÍÓN / AKUREYRI		
WORLD TRADE CENTER	kl. 5:50 - 8 - 10:40	B.1.12	BÖRN	kl. 5:50 - 8:30	B.1.12	BEERFEST	kl. 8 - 10:15	B.1.12	WORLD TRADE CENTER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B.1.12
WORLD TRADE CENTER VIP	kl. 4 - 8 - 10:40		STEP UP	kl. 3:45-5:50-8-10:15	B.1.7	HARSH TIMES	kl. 8 - 10:20	B.1.16	ÖBYGGÐIRNAR M-Ísl.tal	kl. 6	Leyð.
BEERFEST	kl. 5:50 - 8 - 10:15	B.1.12	MAURAHRELLIRINN M-Ísl.tal	kl. 3:45	Leyð.	BÖRN	kl. 8 - 10:10	B.1.12	THE ALIBI	kl. 8 - 10	B.1.12
HARSH TIMES	kl. 10:40	B.1.16	THE PROPOSITION	kl. 10:40	B.1.16	ÖBYGGÐIRNAR M-Ísl.tal	kl. 6	Leyð.			
NACHO LIBRE	kl. 3:45 - 8	B.1.7				UNITED 93	kl. 5:45	B.1.14			
ÖBYGGÐIRNAR M-Ísl.tal	kl. 4 - 6	Leyð.									

Munið afsláttinn

## Endurútgefin mynd

Tónlistarmyndin Live! Tonight! Sold Out! með rokksveitinni Nirvana verður gefin út á DVD-mynddiski í fyrsta sinn þann 7. nóvember. Myndin kom upphaflega út á VHS-myndbandi fyrir tólf árum og hafa því margir beðið eftir því að hún kæmi út á DVD.

Söngvarinn sálugi Kurt Cobain átti hugmyndina að myndinni. Vildi hann að hún fangaði skjóta frægð Nirvana en ekki náðist að klára myndina fyrr en eftir að Cobain framdi sjálfsvíg árið 1994.

Í myndinni eru upptökur frá tónleikum Nirvana frá árunum 1991-1992 til að fylgja eftir plötunni Nevermind. Á meðal laga eru Breed, Drain You, Dive, Aneurysm og Smells Like Teen Spirit.



**COBAIN** Hljómsveitin Nirvana hætti störfum árið 1994 þegar Kurt Cobain framdi sjálfsvíg.

Einnig verður eitthvað um aukafni sem ekki var á VHS-útgáfunni.

## Hellvar í Berlín

Hljómsveitin Hellvar er stödd í Berlín þar sem leikið verður á fernum tónleikum. Hljómsveitin var einmitt stofnuð í Berlín fyrir rúmum tveimur árum og á þremur tónleikanna leikur hún með bandarísku sveitinni Zahnarzt sem var samtíða meðlimum Hellvars þar. Heiða Eiríksdóttir



HEIÐA Er með hljómsveitinni Hellvar í Berlín.

er söngkona Hellvars en aðrir meðlimir eru Elvar Sævarsson, sem spilar á gítar og sér um forritun, og Flosi Þorgeirsson bassaleikari. Innan tíðar kemur út breiðskífa frá Hellvar en heyra má lög

af henni á Myspace.com/hellvarmusic.



**ABBA** Sænska hljómsveitin Abba gefur út nýja plötu á næstunni.

## Ný safnplata

Sænska hljómsveitin Abba, sem gerði garðinn frægan á áttunda áratugnum, ætlar að gefa út safnplötu með öllum smáskífulögum sínum.

Platan, sem nefnist Number Ones, kemur út þann 21. nóvember. Hefur hún m.a. að geyma slagarana Waterloo, Mamma Mia, Dancing Queen, Take a Chance On Me og The Winner Takes It All. Komust öll þessi lög á topp breska vinsældarlistans á sínum tíma.

Keramik fyrir alla

**Þinn hópur**

Óvissuferðir, gæsir, vinnustaðir, saumaklúbbar...

Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér henta

Keramik fyrir alla  
sími 552 2882. Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: www.keramik.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin iturvaxna **Jordan** ljóstraði nýverið upp leyndarmáli eiginmanns síns, **Peter Andre**, í viðtali við tímaritið Elle. Margir hafa undrast útganginn á þeim hjónum, og er hörundslitir Andre þar ofarlega á blaði. Ekki þarf að undrast lengur: liturinn stafar hvorki af ofneyslu gulróta né



brúnkukrems, heldur kóki. Jordan segir frá því að eiginmaður hennar baði sig upp úr eðaldrykknum coca-cola áður en hann kemur sér fyrir á ströndinni. Fyrir þá sem eru á leið til útlanda og ásælast hörundslit Andre er því um að gera að fjárfesta í kóklösku. Jordan bendir einnig á að rétt sé að nota sykurlausu útgáfu af drykknum ef menn vilja forðast árás skordýra.



Söngkonan **Shakira** ætlar að gefa allan ágóðann af tónleikum í heimaborg sinni, Baranquilla við strendur Karíbahafsins, til byggingar listaskóla fyrir 1800 börn sem þurftu að flýja heimili sín vegna borgarastyrjaldarinnar í Kólumbíu.

Námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða

## Heimsóknavinir óskast!



Kópavogsdeild Rauða krossins óskar eftir sjálfboðaliðum til að heimsækja fólk sem býr við einsemd og einangrun.

Undirbúningsnámskeið verður haldið í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11 miðvikudaginn 11. október kl. 18-21. Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.

Heimsóknavinur veitir félagsskap m.a. með því að spjalla, spila eða fara í göngu- og ökuferðir. Heimsóknir eru að jafnaði einu sinni í viku í klukkustund.

Heimsóknavinir og gestgjafar eru á öllum aldri og af báðum kynjum.

Heimsóknavinir Kópavogsdeildar hittast reglulega og fá fjölbreytta fræðslu.

**Vilt þú taka þátt í gefandi starfi?**



**Skráning:** Sjálfboðamiðstöðin Hamraborg 11

**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Sími 554 6626 / kopavogur@redcross.is  
www.redcross.is/kopavogur

## > ÍBV fær risastyrk

Íþróttafélagið ÍBV hefur gert stóran samning við Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Vinnslustöðina hf. sem kveður á um að fyrirtækin verði styrktaraðili félagsins næstu tvö ár. Skrifað var undir samninginn lokahófi knattspyrnuveildar ÍBV sem fram fór á föstudag en fjármunum verður skipt á milli karla- og kvennaliða félagsins í fótbolta og handbolta. Alls er andvirði samningsins, sem nær til næstu tveggja ára, metið á 40 milljónir króna. Páll Scheving, framkvæmdastjóri ÍBV, segir samninginn vera gríðarlega mikilvægan fyrir félagið og að hann gefi því aukna möguleika til að ná markmiði sínu, sem er að vera í fremstu röð á öllum vígstöðvum. „Þessi samningur kemur til með að nýtast félaginu afskaplega vel og styrkir alla okkar starfsemi. Við höfum aðeins eitt takmark, að vera á meðal þeirra bestu í öllum greinum og hjá báðum kynjum,“ sagði Páll við Fréttablaðið.

# sport

sport@frettabladid.is



LARS LAGERBACK ÞJÁLFARI SVÍA: ÆTLAR AÐ SÆKJA Á ÍSLENDINGA ÞAR SEM PEIR ERU VEIKASTIR

## Íslendinga skortir skipulag í vörninni

Lars Lagerback, þjálfari sænska landsliðsins, sagði á blaðamannafundi í heimalandi sínu í gær að hann hygðist láta lið sitt sækja á það íslenska þar sem það er veikast fyrir, þegar kemur að því að snúa úr sókn í vörn. Svíar koma í heimsókn á Laugardalsvöllinn á miðvikudag og hafði Lagerback verið nýbúinn að tala við útsendara sinn sem var á leik Letta og Íslendinga þegar hann ræddi við sænska fjölmiðla í gær. „Eftir því sem mér skilst komu þrjú mörk Letta eftir hraðar sóknir sem komu í kjölfarið á misheppnaðri sókn íslenska liðsins. Íslenska liðið virðist eiga í erfiðleikum með skipulagningu varnarleiksins og við munum reyna að nýta okkur þann veikleika,“ sagði Lagerback en bæði mörk sænska liðsins gegn Spáni í fyrradag komu eftir vel útfærðar skyndisóknir. „Ég tel okkur vera mjög öflug í skyndisóknum en þó má ekki gleyma að Íslendingar spila allt öðruvísi en Spánn. Það mun líklega koma í okkar hlut að stjórna

spilinu en að sjálfsögðu stefnum við á að beita hröðum sóknum eftir fremsta megni,“ sagði Lagerback. Sænski þjálfarinn segist ekki ákveðinn hvort hann setji mann til höfuðs Eiði Smára Guðjohnsen í leiknum og að áherslurnar í hans leik velti að stóru leyti á þeim mannskap sem hann hefur til umráða. Þrjár af fjórum miðjumönnum sænska liðsins gegn Spáni verða líklega ekki með gegn Íslendingum. Freddie Ljungberg meiddist á laugardag og var á hækjum eftir leikinn og er jafnvel talið líklegt að hann fljúgi til London í dag. Andres Svensson verður í leikbanni og þá er Tobias Linderoth, lykilmáður í miðjuspili Svía, floginn til Kaupmannahafnar þar sem kona hans er við það að eiga þeirra fyrsta barn. „Linderoth kemur ekki með liðinu til Íslands en gæti komið á þriðjudag. Það er alveg ljóst að hann mun missa af stórum hluta undirbúningsins,“ en sænska liðið lendir í Keflavík kl. 15 í dag.



Birgir Leifur Hafþórsson:

## Endaði í 60. sæti

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hafnaði í 60. sæti á áskorendamóti sem fram fór í Toulouse í Frakklandi um helgina. Birgir Leifur lék á fimm höggum yfir pari á lokahringnum í gær, á alls 77 höggum, eftir að hafa byrjað mjög illa og lauk keppni á alls sex höggum yfir pari.

Birgir Leifur byrjaði mótið mjög vel og lék fyrstu tvo keppnishringina á 70 og 72 höggum en um helgina fataðist honum flugið og lék á 75 á laugardag og 77 höggum í gær, eins og áður segir.

- vig

Sænska knattspyrnan:

## Guðmundur gerir það gott

**FÓTBOLTI** Sænska knattspyrnuliðið Skövde tryggði sér á laugardag sæti í þriðju efstu deild þar í landi, en þjálfari liðsins er Guðmundur Ingi Magnússon, fyrrum leikmaður Víkings hér á landi. Guðmundur hefur búið í Svíþjóð undanfarin ár en hann varð meðal annars Íslandsmeistari með Víkingum árið 1991.

Árangur Guðmundar með Skövde hefur vakið töluverða athygli því þetta er í þriðja sinn á jafn mörgum árum sem liðið vinnur sig upp um deild.

- vig

# Íslendingar verða auðveld bráð

Sænskir fjölmiðlar eru í skýjunum með frammistöðu landsliðs síns í leiknum gegn Spáni á laugardag og segja liðið fara til Íslands eftir að hafa leikið einn allra besta leik sinn frá upphafi.

**FÓTBOLTI** Lars Lagerback, þjálfari sænska liðsins, var ausinn lofi úr öllum áttum í Svíþjóð í gær og halda fjölmiðlar vart vatni yfir magnaðri spilamennsku liðsins gegn Spáni á laugardag. Liðið vann frækinn 2-0 sigur og er á toppi F-riðils undankeppni EM með fullt hús stiga eftir þrjá leiki. Fjölmiðlar eru vissir um að með sömu frammistöðu munu Íslendingar ekki eiga von á góðu á Laugardalsvöllum á þriðjudag.

„Hver saknar Zlatan nú?“ spyr sænska blaðið Aftonbladet í fyrirsögn í gær og vísar í þá ákvörðun Zlatans Ibrahimovich, skærustu stjörnu Svía, að gefa ekki kost á sér eftir að hafa lent upp á kant við Lagerback fyrir leikinn gegn Lettum fyrir nokkrum vikum. Sænskir fjölmiðlar eru reyndar á einu máli um að öll umræðan í kringum þá uppákomu hafi í raun gert liðinu gott og þjappað landsliðshópnum enn frekar saman.

Sjónvarps- og útvarpslýsendur sænskra fjölmiðla voru stóryrtir í umfjöllun sinni eftir að leik lauk og var víða fullyrt að leikurinn væri einn sá besti sem sænskt landslið hefði spilað frá upphafi. „El Classico“ er fyrirsögn sem birtist í nokkrum blaðanna í Svíþjóð og er þá verið að skírskota í spænska tungumálið. Enn fremur var Lett-



**SJÁLFASTRUSTIÐ Í BOTNI** Leikmenn sænska landsliðsins mæta á Laugardalsvöllinn með rjúkandi sjálftraust eftir að hafa lagt Spánverja sannfærandi af velli á laugardag. Hér sjást Olaf Mellberg og Rami Shaaban fagna sigrinum. Svíar eru einir á toppi riðilsins, með fullt hús eftir þrjá leiki.

NORDICPHOTOS/AFP

um og N-Írum beinlínis þakkað fyrir að taka stig af Íslendingum og Dönnum, sem styrkir stöðu sænska liðsins á toppi riðilsins.

Fjölmiðlar á Spáni eru eins og gefur að skilja æfir út í Luis Aragones og lærisveina hans og segja þrjú stig eftir þrjá leiki vera algjörlega óásættanlegan árangur. Nokkrir miðlar fara fram á afsögn spænska þálfarans en Aragones, sem bauðst til þess að hætta með liðið eftir tapið gegn Norður-Írum í síðasta mánuði, er ekki á því að gefast upp. „Framtíð mín liggur í höndum spænska knattspyrnusambandsins,“ var það eina sem Aragones vildi segja um framtíð sína. Hann bætti þó við að hann hefði áður lent í mótlæti en alltaf náð að vinna sig upp úr því.

„Það eru þrjár leikir búnir og nóg eftir. Við höfum tíma til að snúa við blaðinu. Þið þurfið bara að gefa okkar þann tíma,“ sagði Aragones og beindi orðum sínum til fjölmiðla á Spáni.

Fjölmiðlar í Norður-Írlandi segja frammistöðu síns liðs hafa verið magnaða gegn Dönnum og telja það vera mikið afrek að hafa haldið hreinu gegn sóknarþenkjandi liði Danmerkur. Lokatölur á Parken urðu 0-0 og er danska liðið sagt hafa valdið vonbrigðum og vanmetið Norður-Íra.

vignir@frettabladid.is



**Ford**  
Nýtt tákni um gæði

Ford Focus Trend  
1,6i 5 dyra 5 gir\*  
Uppskerutilboð 1.990.000 kr.  
Bílasamningur 23.550 kr.  
Rekstrarleiga 34.340 kr.

**Uppskeruhátið**  
**Góð tíð 1.990.000 kr.**  
Komdu á Uppskeruhátið Brimborgar í dag. Ofurtíloboð.

### Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga  
www.ford.is

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% lífborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit sarkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km ástær á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Michael Scumacher féll úr keppni í Japan:

## Alonso á sigurinn vísan

**FORMÚLA 1** Allar líkur eru á því að Spánverjinn Fernando Alonso muni verja heimsmeistaratitil okumanna eftir að hafa borið sigur úr bítum í Japans-kappakstrinum í fyrrinótt. Michael Scumacher féll úr keppni eftir vélin í Ferrari-bíl hans bræddi úr sér, en það er í fyrsta skipti í sex ár sem það gerist. Alonso er því með 10 stiga forystu á Scumacher í keppni okumanna þegar aðeins eitt mót er eftir, í Brasilíu eftir tvær vikur. Eina von Þjóðverjans á heimsmeistaratitlinum felst í því að hann lendi í fyrsta sæti í Brasilíu og að Alonso annaðhvort komist ekki í mark eða lenti aftar en í áttunda sæti.

„Alonso vantar eitt stig og hann er mjög góður okumaður. Við munum gera okkar besta í Brasilíu en ég er hræddur um úrslitinn séu ráðin,“ sagði Scumacher, en hann hafði leitt kappaksturinn nánast frá upphafi þegar vélin bilaði þegar aðeins 17 hringir voru eftir. Alonso fékk því forystusætið upp í hendurnar sem hann hélt örugglega allt til loka. „Ég er ekki hlynntur því að vinna titil á kostnað ófara annarra og því finnst mér mjög leiðinlegt að fara til Brasilíu vitandi það að nánast eina leiðin fyrir mig til að vinna heimsmeistaratitilinn er ef Alonso kemst ekki í mark,“ sagði Scumacher dapur



**FERNANDO ALONSO** Fagnaði gríðarlega eftir að sigurinn í Japan var í höfn.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

í bragði, en hann þótti samt sem áður bera sig nokkuð vel miðað við áfallið.

Alonso dansaði af gleði þegar hann steig upp úr bíl sínum eftir kappaksturinn en ítrekaði þó að titilbaráttunni væri ekki lokið. „Það er of snemmt að fagna sigri núna. Staðan er vissulega góð en ég verð að halda einbeitingunni til að ná í stig í Brasilíu,“ sagði Alonso en hann var gagnrýndur nokkuð eftir keppni fyrir að hafa steipt hnefann og fagnað þegar hann sá Scumacher falla úr keppni.

- vig



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## DHL-deild kvenna

STJARNAN-GRÓTTA (19-17) 35-28

**Mörk Stjörnunnar:** Raket Bragadóttir 10/5, Alina Petrache 8/1, Anna Blöndal 6, Jóna M. Ragnarsdóttir 4/1, Kristín Guðmundsdóttir 2, Sólveig Kjærnested 2, Florentina Grecu 1, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 1, Kristín Clausen 1.

**Varin skot:** Florentina Grecu 18/1

**Mörk Gróttu:** Natasa Damljanovic 10/3, Sandra Paegle 5, Kristín Þórðardóttir 4, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 3, Arndís María Erlingsdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 1, Ragna Karen Sigurðardóttir 1, Eva Margrét Kristinsdóttir 1/1.

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 11

## STAÐAN

GRÓTTA	4	3	0	1	106-99	6
VALUR	4	2	1	1	106-98	5
FRAM	4	2	1	1	98-92	5
STJARNAN	3	2	0	1	94-71	4
HAUKAR	3	2	0	1	88-66	4
HK	3	1	0	2	71-96	2
FH	3	1	0	2	63-73	2
ÍBV	3	1	0	2	75-79	2
AKUREYRI	3	0	0	3	62-89	0



**FÉLAGAR** Puyol og Larson fögnuðu sigri í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð.

Carlos Puyol:

## Saknar Larsons

**FÓTBOLTI** Carlos Puyol, fyrirlíði Barcelona og samherji Eids Smára Guðjohnsen, kveðst sakna sænska framherjans Henrik Larsson, sem yfirgaf herbúðir félagsins í sumar og gekk til liðs við Helsingborg í heimalandi sínu. Larsson stóð sig mjög vel á tíma sínum á Spáni þar sem hann gegndi svipuðu hlutverki og Eiður Smári gerir nú - sem fjórði sóknarmaður liðsins og svokallaður „super-sub.“

„Ég sendi honum kannski sms-skilaboð og segi honum frá því sjálfur,“ gantaðist Puyol við sænska fréttamenn í gær en sem kunnugt er áttust Spánn og Svíþjóð við í undankeppni EM í fyrradag. „Larsson er frábær leikmaður og góður félagi utanvallar. Við leikmennirnir skiljum ekki af hverju hann þurfti að flýta sér svona heim,“ hélt Puyol áfram að grínast. „En í sannleika sagt þá söknum við hans mikið og ég held að allir hefðu viljað hafa hann áfram hjá Barcelona,“ sagði Puyol en Eiður Smári hefur einmitt oft verið nefndur arftaki Larsson hjá spænska stórveldinu. - vig

Svíar undirbúa sig:

## Fara í ísbað fyrir Íslandsferðina

**FÓTBOLTI** Nokkrir leikmanna sænska landsliðsins voru gjör-samlega örmagna eftir leikinn gegn Spáni og fengu leikmennirnir Anders Svensson, Johan Elmander, Niclas Alexandersson og fleiri mikinn krampa í fæturna undir það síðasta. Eftir leikinn brá sjúkrahjálari sænska liðsins, Paul Balsom, á það ráð að setja leikmennina í ísbað. Það virkar þannig að leikmennirnir baða sig í ísköldu vatni í 90 sekúndur og fara síðan strax í sjóðandi heitt vatn í aðrar 90 sekúndur. Þessi rúttina er gerð alls þrisvar sinnum.

„Þetta kemur blóðinu á hreyfingu og hindrar vöðvana í að stífna. Þetta getur reynst mjög mikilvægt fyrir leikinn gegn Íslandi,“ sagði Balsom og bætti því við að hann hyggtist jafnvel láta alla leikmenn liðsins prófa ísbaðið fyrir miðvikudaginn. „Það er kalt á Íslandi og með þessu gæti líkaminn verið betur búinn fyrir þær aðstæður sem verða á Laugar-dalsvellingum.“ - vig

Einn leikur fór fram í DHL-deild kvenna í gær:

## Stjarnan stöðvaði Gróttu

**HANDBOLTI** Eftir að hafa sigrað í þremur fyrstu þremur deildarleikjum sínum brotlenti kvennalið Gróttu í Ásgarði í gær. Leikurinn var jafn og spennandi lengi vel en í síðari hálfleik keyrðu Stjörnustúlkur yfir gesti sína, skoruðu níu mörk í röð og sigruðu á endanum 35-28.

„Við náðum að loka vörninni í seinni hálfleik og sýndum það að við erum með meiri breidd. Það var bara frábær stemning í liðinu og við vorum með góða sóknarnýtingu. Einbeitingin var í lagi og það skilaði sér. Sóknarleikurinn var í fínu lagi í fyrri hálfleik og í leikhléinu fór ég yfir varnarleikinn. Þá fengum við upp sterka vörn og markvarslan fylgdi með,“ sagði

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir leikinn.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, í byrjun leiks var Stjarnan skrefinu á undan en Gróttu komst í fyrsta skipti yfir 9-8 um miðbik fyrri hálfleiks. Þegar skammt var til hálfleiks var staðan jöfn 17-17 en Stjarnan skoraði tvö síðustu mörk fyrri hálfleiks. Jafnræðið hélt áfram í byrjun síðari hálfleiks en þegar staðan var 23-22 skoraði Stjarnan níu mörk í röð og breytti stöðunni í 32-22.

Á þessum kafla réðust úrslit leiksins, Raket Dögg Bragadóttir var sérlega atkvæðamikil í honum en hún skoraði alls tíu mörk í leiknum, þar af fimm úr vítaköstum. Alina Petrache, nýr leikmaður



Stjörnunnar, átti einnig góðan leik og skoraði átta. Florentina Grecu varði á mikilvægum augnablikum ásamt því að skora eitt mark yfir endilangan völlinn. Sjö marka sigur Stjörnunnar staðreynd. - egn

**STOPP** Leikmenn Stjörnunnar spiluðu gríðarlega fasta vörn í leiknum í gær og komust leikmenn Gróttu hvorki lönd né strönd, eins og þessi mynd ber með sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco



## Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.



Opið virka daga: 10-18 og laugardaga: 11-16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504



TERRY OG ROONEY Skemmta sér vel á æfingu hjá Englandi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

John Terry um Rooney:

## Of mikil pressa

**FÓTBOLTI** John Terry, fyrrihlíði enska landsliðsins, biður fólk um að róa sig í gagnrýni á sóknarmanninn Wayne Rooney sem spilar fyrir Manchester United. Rooney hefur ekki skorað í mótssleik fyrir landsliðið síðan í júní 2004 og hefur verið talsvert frá sínu besta í undanföllum leikjum fyrir United.

„Wayne er frábær leikmaður og því setur hann staðalinn mjög hátt. Þegar hann á nokkra leiki í röð þar sem hann nær ekki þeim stöðli fer fólk að efast um hann. Hann er klárlega í heims-klassa og ég er viss um að þegar hann nær að skora þá munu fleiri mörk fylgja í kjölfarið,“ sagði Terry og talaði um að þótt Rooney sé ekki búinn að skora lengi þá sé hann að vinna vel fyrir liðið. - egm



FEDERER Heldur áfram að safna titlum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Japanska meistaramótið:

## Roger Federer sigraði í Tókýó

**TENNIS** Svisslendurinn Roger Federer bar sigur úr býtum á opna japanska meistaramótinu í tennis. Úrslitaleikur mótisins fór fram í Tókýó í gærmorgun og þar vann Federer sigur á hinum enska Tim Henman 6-3 og 6-3. Þetta er níundi meistaratitill Federers á árinu og hans 42. á atvinnumannaférlinum.

Federer vann nýlega bandaríska meistaramótið en Henman veitti honum harða keppni til að byrja með. Síðan náði Federer undirtökunum og lét þau ekki af hendi. „Ég er gjörsamlega búinn en mér líður samt frábærlega. Þetta hefur verið stórskemmtilegt og ég hlakka til að mæta hingað að ári og reyna að verja þennan titil,“ sagði Federer. - egm

Miroslav Klose:

## Bayern er ekki nógu stórt lið

**FÓTBOLTI** Þýski sóknarmaðurinn Miroslav Klose kveðst eingöngu hafa áhuga á að yfirgefa herbúðir Werder Bremen ef honum býðst að fara til einhvers af stóru liðunum í Evrópu og nefnir hann Real Madrid og Barcelona í því samhengi. Klose hefur lengi verið orðaður við Bayern München en hann vill með engu móti fara þangað þar sem félagið er ekki nægilega stórt og ekki með nægilega miklar stjórnur innanborðs.

„Bayern er frábært lið en þegar ég ákveð að breyta um umhverfi, ef það verður einhver inni, þá vil ég fara til stærra liðs sem hefur á að skipa bestu leikmönnum heims. Það hefur Bayern ekki,“ sagði Klose. - vig

# Munurinn lá í sóknarnýtingunni

Slæm nýting dauðafæra varð Íslandsmeisturum Fram að falli í leik þeirra gegn Celje Lasko frá Slóveníu í Meistaradeildinni í handbolta í gær. Framarar komu heimamönnum í opna skjöldu með góðum leik en loka-tölurnar, 35-24, voru of stórar miðað við gang leiksins. Getum strítt þeim á heimavelli, segir þjálfari Fram.

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Fram í handbolta komust vel frá leik sínum gegn Celje Lasko í Slóveníu í gær þrátt fyrir að hafa tapað með 11 marka mun, 35-24. Eins og við var að búast var við ramman reip að draga fyrir hið unga lið Fram enda hefur Celje á að skipa einu besta liði heims, auk þess sem heimavöllur þess þykir ein mesta gryfjan í evrópskum handbolta og hafa örfá lið farið þaðan með sigur í farteskinu á síðustu árum. Stemmningin var frábær í gær og létu tæplega 4.000 áhorfendur vel í sér heyra meðan á leiknum stóð.

„Það eru blendnar tilfinningar hjá mér eftir þennan leik því fyrirfram hafði ég ekki gert mér neinar vonir. En mér fannst við spila mjög vel í leiknum, sérstaklega í vörninni, og það hefði verið fróðlegt að sjá hvað hefði gerst hefðum við nýtt færin okkar betur. Við fengum aragrúa dauðafæra sem fóru í súginn en þeir nýttu sín færir. Munurinn á liðunum lá í sóknarnýtingunni,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, við Fréttablaðið í gær.

Sóknarnýting Fram var aðeins 35% gegn 54% sóknarnýtingu heimamanna og þá var skotnýting Fram aðeins 43% gegn 64% ný-



VIÐ OFUREFLI AÐ ETJA Framarar stóðu sig þýna vel gegn Celje Lasko í gær en slæm nýting í sókninni varð liðinu að falli. Hér sést Sigfús Páll Sigfússon brjóta sér leið í gegnum varnarmúr slóvenska liðsins í leiknum í gær.

ingu Celje. Þá vörðu markverðir Celje 22 skot en markverðir Fram ekki nema 11 skot. „Við spiluðum okkur í færi allan leikinn en um leið og við förum að klúðra þeim komast þeir í hraðaupphlaup og

refsa okkur,“ bætti Guðmundur við. Framarar höfðu undirtökin fyrstu mínúturnar og komust m.a. í 4-3 forystu en eftir að Celje náði 7-5 forystu var ekki aftur snúið. Segja má að möguleikar Fram, ef einhverjir voru, hafi horfið um miðbik fyrri hálfleiks þegar heimamenn breyttu stöðunni úr 11-7 í 15-8 en í hálfleik var staðan 18-12.

Framarar mættu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik, náðu meðal annars að minnka muninn í 23-18 og höfðu kost á því að minnka forskotið niður í aðeins fjögur mörk. En þá var eins og leikmenn Celje vöknðu af værum blundi og settu í fluggrinn svo um munaði og á aðeins örfáum mínútum breyttist staðan í 29-20. „Þetta var vendipunktur leiksins,“ sagði Guðmundur en auk þess misnotuðu Framarar þrjú vítaköst í leiknum.

Celje héldu þessum mun út leikinn og þegar yfir lauk var munurinn 11 mörk, 35-24, sem verður þó að teljast nokkuð viðunandi úrslit fyrir Fram á útvelli gegn gríðarlega öflugum liði. Jóhann Gunnar Einarsson var þeirra markahæstur með fimm mörk auk þess sem hann átti nokkrar góðar stoðsendingar. - vig

Stjarnan úr leik í Evrópukeppni bikarhafa þrátt fyrir góða frammistöðu í gær:

## Stjarnan var tveimur sekúndum frá því að komast áfram

**HANDBOLTI** Stjarnan vann króatíska liðið Medvescak Zagreb 28-22 í síðari viðureign liðanna í Evrópukeppni bikarhafa sem fram fór í Asgarði í gær. Þessi sex marka sigur nægir þó Stjörnunni ekki þar sem Zagreb vann sjö marka sigur í fyrri leiknum. Ótrúleg spennan og dramatik var á lokamínútum leiksins í gær en gestirnir skoruðu síðasta markið og tryggðu sér áfram þegar tvær sekúndur voru eftir af leiknum.

„Strákarnir undirbjuggu sig mjög vel og spiluðu þennan leik frábærlega eftir dapra frammistöðu í undanföllum leikjum,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörunnar, sem var skiljanlega svektur í leikslök. Aðspurður hvað hefði farið úrskælis í fyrri leiknum sagði hann það hafa verið tæknilega hliðin. „Við vorum einfaldlega ekki með nægar upplýsingar um þá. Það hefði gert mikið ef ég hefði getað farið til Króatíu og séð einn leik með þeim en það var því miður ekki til fjármagn til þess. Svo náðum við ekki að fá nýja myndbandsupptöku af þeim en þeir eru með gjörbreytt lið frá því í fyrra.“

Það sást strax í fyrri hálfleik að spurningin væri ekki hvort Stjarnan næði sigri heldur hve stór hann yrði. Liðið var með fjögurra marka forskot í hálfleik og í þeim síðari náði það frábærum kafla þar sem það skoraði sex mörk í röð og



LOKSINS FANN HANN FJÖLINA SÍNA Tite Kalandadze lék sinn besta leik á tímabilinu fyrir Stjörnunni í gær og skoraði fimm mörk með þrumuskotum utan af velli. Því miður dugðu mörk Kalandadze ekki til að koma Stjörnunni áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

komst yfir 22-12. En króatíska liðið svaraði að bragði og skoraði næstu fjögur mörk í leiknum.

„Við vorum búnir að leggja það upp að þreyta þá og koma síðan með árás í seinni hálfleik. Að minnu mati kom sú árás of snemma. Við hefðum mátt þreyta þá enn meira því þegar þeir lentu tíu mörkum undir var eins og þeir hefðu engu að tapa og fóru að hitta aftur,“ sagði Sigurður. Patrekur Jóhannesson sagði eftir leikinn að þetta hefði klárlega verið besta frammistöða Stjörunnar á þessu tímabili en hann var ekki sáttur við ung-

verska dómaraþarið í þessum leik og gat Sigurður tekið undir það.

Spennan á lokamínútunni var ótrúleg, David Kekelia kom Stjörnunni sjö mörkum yfir eftir langa sendingu frá Patreki þegar um tíu sekúndur voru eftir. Dyggir stuðningsmenn Stjörunnar fögnuðu gríðarlega en sá fögnuður stóð þó stutt yfir. Leikmenn Zagreb geystust fram í sókn og náðu að skora sitt 22. mark þegar tvær sekúndur voru eftir og Evrópu draumar Stjörunnar hurfu því þrátt fyrir hetjulega framgöngu. - egm



ÖRGUGGT HJÁ FLENSBURG Ljubomir Vranjes, leikmaður Flensburg, skorar hér mark í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Meistaradeildin í handbolta:

## Flensburg vann

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson og lærisveinar hans í Flensburg unnu þægilegan útisigur á Skopje frá Makedóníu í X-riðli Meistaradeildarinnar í gær, 37-29. Yfirburðir Flensburg voru töluverðir í leiknum og hafði liðið meðal annars 21-10 forystu í hálfleik en það slakaði nokkuð á undir lokin þegar Viggó leyfði minni spámönnum sínum að spreyta sig. „Þetta var skyldusigur hjá okkur og ég er ánægður með leik okkar. Ánægðastur er ég þó með að engir leikmenn meiddust í leiknum,“ sagði Viggó við þýska fjölmiðla eftir leikinn, en mikil meiðsl eru þessa stundina í herbúðum þýska liðsins.

Í öðrum leikjum gærdagsins steinlá Bregenz, lið Dags Sigurðssonar, fyrir Valladolid, 35-24. Meistarar Ciudad Real unnu Schaffhausen auðveldlega á heimavelli, 39-31. Ekki fengjust upplýsingar um þáttöku Ólafs Stefánssonar í leiknum. Þá vann Portland San Antonio léttan sigur á RK Sarajevo, 32-22. - vig

Akureyri vann öruggan 33-24 sigur á ÍR-ingum í DHL-deild karla í handbolta í KA-heimilinu í gær:

## Akureyringar kafsigldu dapra Breiðhylltinga

**HANDBOLTI** Það var rifandi stemning í KA-heimilinu á Akureyri í gær þegar samnefnt lið bænum tók á móti ÍR í fyrsta heimaleiknum sem sameinað lið KA og Þórs. Greinilegt er á öllu að þessir sameinuðu kraftar hafa nú myndað sterkt handboltalið sem er með dyggan stuðning allra bæjarbúa með sér og er ljóst að það verður erfitt fyrir öll lið að mæta í gryfjunna sem KA-heimilið er.

Jafnræði var með liðunum til að byrja með en í stöðunni 5-5

skildust leiðir og heimamenn tóku að siga fram úr. Þeir bættu við forystu sína jafnt og þétt og eftir frábæran kafla undir lok fyrri hálfleiks höfðu þeir yfir, 17-9, en með frábærri vörn hrökk markvarslan í gang og Akureyringar skoruðu meðal annars sex mörk úr hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik.

Munurinn hélst í síðari hálfleiknum, norðanmenn náðu mest ellefu marka forskoti og það gekk hvorki né rak hjá Breiðhyllting-

um sem létu skapið algjörlega hlaupa með sig í gönur þar sem þeir eyddu allt of miklu púðri í að kvarta í dómurinum í stað þess að einbeita sér að því að laga laskaðan leik sinn.

Þrátt fyrir að slaka örlítið á klónni undir lokin var sigur Akureyringa aldrei í hættu. Samheldnin, með frábæran stuðning áhorfenda á bak við sig, dreif liðið áfram og liðið hafði að lokum verðskuldaðan níu marka sigur, 33-24.

„Ég er ánægður með leikinn í heild sinni en ég hefði viljað enda þetta betur og vinna með meiri mun. Það kom upp ákveðið kæruleysi þegar við vorum komnir með gott forskot en ég er kannski bara svona frekur, maður vill alltaf meira en vissulega er ég ánægður með sigurinn,“ sagði glaðbeitur Sævar Arnason, þjálfari Akureyrar, áður en hann þakkaði áhorfendum kærlega fyrir stuðninginn. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## DHL-deild karla

AKUREYRI - ÍR (17-9) 33-24,  
Mörk Akureyrar (skot): Goran Gucic 11 (17/4),  
Magnús Stefánsson 6 (9), Hörður Fannar Sigþórsson  
5 (7/1), Ásbjörn Friðriksson 4 (7), Alex Kuz-  
minski 3 (4), Nikola Jankovic 2 (3), Andri Snær  
Stefánsson 1 (2), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (3),  
Aigars Agzdins 0 (2).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 20, Bjarni  
Frostason 0/1

Hraðaupphlaup: 8 (Hörður 3, Goran 2, Andri  
Snær, Magnús, Heiðar)

Fiskuð víti: 6 (Hörður 2, Andri Snær, Ásbjörn,  
Heiðar, Aigars)

Utan vallar: 14 mínútur

Mörk ÍR (skot): Björgvin Þór Hólmgeirsson 7  
(21), Davíð Georgsson 6 (11), Jón Heiðar Gunn-  
arsson 3 (5), Sigurður Magnússon 2 (2), Brynjar  
Valgeir Steinarsson 2 (2), Ragnar Már Helgason 2  
(5), Hjörleifur Þórðarson 1 (1), Ivan Jovanovic 1  
(4), Egill Björgvinsson 0 (1), Ólafur Sigurjónsson 0  
(2), Línas Kalasauskas 0 (2).

Varin skot: Þorgils Orri Jónsson 6, Lárus Ólafsson  
5, Guðmundur Karl Geirsson 3.

Hraðaupphlaup: 3 (Björgvin, Jón Heiðar, Hjör-  
leifur).

Fiskuð víti: 8 (Björgvin 3, Jón Heiðar 2, Brynjar,  
Davíð, Ólafur).

Utan vallar: 10 mínútur.

## STAÐAN

HK	2	2	0	0	59-47	4
AKUREYRI	2	1	0	1	55-50	2
VALUR	2	1	0	1	52-50	2
ÍR	2	1	0	1	60-63	2
FYLKIR	2	1	0	1	52-57	2
HAUKAR	2	1	0	1	60-65	2
FRAM	2	1	0	1	59-56	2
STJARNAN	2	0	0	2	49-58	0

## Meistaradeild Evrópu

CELJE LASKO - FRAM (18-12) 35-24

Markahæstir hjá Fram: Jóhann Gunnar Einarsson  
5, Andri Berg Haraldsson 4, Hjörtur Hinriksson 4,  
Haraldur Þorvarðarson 3.

## Evrópukeppni bikarhafa

STJARNAN - M. ZAGREB (14-10) 28-22

Mörk Stjörnunna: Elias Már Halldórsson 6/1,  
Títe Kalandaze 5, Patrekr Jóhannesson 5, Guð-  
mundur Guðmundsson 4, Volodymyr Kysil 3,  
David Kekelia 3, Björn Guðmundsson 1.

Varin skot: Roland Valur Eradze 11/3, Árni  
Þorvarðarson 5.

## EHF-keppnin

HAUKAR - CONVERSANO (14-14) 28-26

Mörk Hauka: Árni Sigtryggsson 8, Jón Karl Björn-  
sson 6/4, Gísli Jón Þórisson 5/1, Kári Kristjánsson  
3, Andri Stefan Guðrúnarson 3, Samúel Ívar Árna-  
son 2, Guðmundur Pedersen 1.

Varin skot: Magnús Sigmundsson 15, Björn  
Björnsson 1/1.

Haukar og Conversano léku í EHF-keppninni í gær:

## Haukar komust áfram

**HANDBOLTI** Haukar eru komnir áfram í EHF-keppninni í handbolta eftir að hafa unnið ítölsku meistarana í Conversano 28-26 á heimavelli sínum í gær. Það er þó óhætt að segja að þeir hafi ekki sýnt sparihliðarnar í leiknum en þar sem ítalska liðið vann fyrri leikinn aðeins með eins marks mun kemst Hafnarfjarðarliðið áfram í keppninni.

Í upphafi leiksins virtist sem Haukar myndu vinna frekar þægilegan sigur. Liðið náði snemma þriggja marka forskoti og síðar fjögurra marka og virtist vera komið með leikinn í sínar hendur. Mjög léleg skot-

nýting Hauka á löngum kafla varð þó til þess að Conversano náði að breyta stöðunni sér í vil. Ítölsku meistararnir skoruðu fimm mörk í röð og komust yfir, 11-10.

Jafnræði var með liðunum út hálfleikinn og staðan 14-14 í hálfleik. Haukar höfðu farið illa með fjölmörg dauðafæri og voru einfaldlega að spila illa. Þeirra besti maður var þó Árni Sigtryggsson sem fékk oft mikið pláss frá gestunum og nýtti sér það vel. Þegar ein mínúta var eftir voru Haukarnir að vinna með eins marks mun en það var síðan Guðmundur Pedersen sem valdi rétta tímann til að



HÖRD BARÁTTA Það var vel tekið á því á Ásvöllum í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

skora eina mark sitt og úrslitin 28-26.

Það sýndi sig í leiknum í gær að Haukar hafa betra lið en Conversano sem byggir leik sinn á öflugum sóknarleik og komust verðskuldað áfram. Dómgæslan í leiknum var vægast sagt léleg

en það var kvenkyns dómaraþar frá Þýskalandi, Susanne Kunzig og Jutta Ehrmann, sem sá um að dæma hann. Margar ákvarðanir þeirra voru hreint út sagt stórfurðulegar og áhorfendur létu óánægju sína ítrekað í ljós. - egm

## Hljóðfærahusið kynnir



Aðgangur  
ókeypis!  
Meðan  
húsrúm leyfir.

Gítarleikarinn Greg Koch og tríó halda námskeið og tónleika **9. október á Hótel Borg.** Greg Koch tríóið er á vegum Fender verksmiðjunnar í samstarfi við Hljóðfærahusið.

Greg Koch er frá Milwaukee þar sem hann ólst upp, hann eignaðist sinn fyrsta gítar 12 ára gamall eftir að hann var orðinn þreyttur á að reyna spila Jimi Hendrix lög á celló. Eftir að hafa numið jazzgítarleik í the University of Wisconsin í fjögur ár vann hann fyrstu verðlaun í "Bluesbraker Guitar Showdown" keppninni.

Greg stofnaði eigin hljómsveit Greg Koch and the Tone Controls, sem varð fljótt þekkt fyrir frábæran flutning á Blues og vann hún titilinn Wisconsin Music Awards fyrir Blues listamenn árin 1993, 1995 og 1998.

Greg hefur haldið námskeið á vegum Fender gítarverk-  
smiðjunnar víða um heim og þykkja námskeið hans einstaklega líffleg þar sem húmor er yfirleitt í hávegum hafður. Með Greg leika Tomm Good á bassa og John Calaro á trommur.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni  
[www.gregkoch.com](http://www.gregkoch.com) og [www.hljodfaerahusid.is](http://www.hljodfaerahusid.is).  
Tónleikarnir hefjast kl.20.00.  
Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Fender

[www.gregkoch.com](http://www.gregkoch.com)

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahusið Laugavegi 176 105 Reykjavík [www.hljodfaerahusid.is](http://www.hljodfaerahusid.is) info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

Vínáttuleikur í fóbolta:

## Ísland tapaði

**FÓTBOLTI** Íslenska kvinnalandsliðið tapaði naumlega fyrir því bandaríska í vínáttuleik liðanna sem fram fór ytra í gærkvöldi. Lokatölur urðu 2-1 og var það Abby Wambach sem skoraði sigurmark Bandaríkjanna á síðustu mínútu leiksins.

Wambach hafði komið heimastúlkum yfir á 34. mínútu en Margrét Lára Viðarsdóttir jafnaði metin úr vítaspyrnu í síðari hálfleik. Þess má geta að Bandaríkin áttu 22 markskot en Ísland eitt.

- vig

Þýski handboltinn:

## Gummersbach á toppinn

**HANDBOLTI** Gummersbach, lið Alfreðs Gíslasonar, endurheimti toppsætið í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær eftir að liðið vann Melsungen á heimavelli sínum í gær, 38-30. Liðið er nú komið með 14 stig eftir átta leiki, tveimur stigum meira en Hamburg og Nordhorn, en þau hafa leikið einum leik færra. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði tíu mörk en Róbert Gunnarsson fimm.

Snorri Steinn Guðjónsson og Einar Örn Jónsson skoruðu fimm mörk hvor fyrir Minden sem bar sigurorð af Dusseldorf á heimavelli sínum í gær, 33-31. Þetta var fyrsti sigur Minden á tímabilinu í ár í sjö leikjum. Þá hafði Kiel betur gegn Lubbecke á heimavelli sínum, 38-24, en Þórir Ólafsson komst ekki á blað fyrir síðarnefnda liðið.

- vig

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Now take your pig-stick and your boyfriend, and find a bus to catch.“

Svar: Chance Boudreaux (Jean-Claude Van Damme) úr Hard Target frá 1993.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER NÆSTUM ÞVÍ Í SJÖUNDA HIMNI

## Velkominn aftur Hemmi minn

Fáir fjölmiðlamenn hafa jafnmörg líf á skjánum og Hemmi Gunn. Reyndar veit ég ekki um neinn kött í Vesturbænum sem ekki öfundar Hemma af öllum þeim lífum sem hann virðist hafa. Þau eru í það minnsta fleiri en níu. Þessi geðþekki og hláturmildi karl hefur alltaf verið á skjánum þrátt fyrir að heimurinn hafi breyst. Hemmi var í landsliðinu þegar við töpuðum fjórtán - tvö fyrir Dönum, hann stjórnaði Á tali þegar Höfðafundurinn var 1986 og þegar herinn lét sig hverfa af landinu byrjaði Hemmi með nýjan þátt í sjónvarpinu. Varla eru þetta eintómar tilviljanir.

Knattspyrnukappinn fyrrverandi er í beinni frá skemmtistaðnum Nasa á hverju fimmtudagskvöldi. Aðstandendur Stöðvar 2 hafa greinilega lagt allt í sölnar enda virðist vetrardagskrá stöðvarinnar heldur bitlaus og „helgin byrjar snemma með Hemma“ - slagorðið á að



trekkja fólk að ímbakassanum. Og þeim tekst það. Í sjöunda himni er feykilega vandaður skemmtiþáttur þar sem hugsað hefur verið út í hvert smáatriði. Reyndar sá ég afmælisþáttinn á fimmtudaginn þar sem rífuð voru upp eftirminnileg atviki úr sögu Stöðvar 2, spjallað við fólk í fyrirtækinu og stundum var sjálfshælnin við það að fara úr böndunum en þetta slapp rétt fyrir horn.

Til allra lukku hefur síðasti þáttur Hemma, „Það var lagið“, sungið sitt síðasta enda var það hálf hallærislegt þegar misfrægir Íslendingar gátu varla stautað sig fram úr þekktum dægurlögum í sjónvarpsal. Sjónvarpsmaðurinn er nú kominn á sinn stað, tekur á móti frægu fólk, fær það til hlæja með því einu að brosa og sannar hið fornkefna; fáir hafa jafn mörg líf á skjánum og Hemmi Gunn.



20.30  
gaman

SVONA VAR ÞAÐ



22.55  
Fréttir

60 MÍNÚTUR



21.30  
Veruleiki

SO YOU THINK YOU CAN DANCE



22.00  
Spenna

LAW AND ORDER



18.20  
NFL

PHILADELPHIA - DALLAS

### SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (107:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Commander In Chief (2:18) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 Í finu formi 2005 13.20 Mr. Bean 13.45 Les triplettes de Belleville 15.05 Listen Up (1:22) 15.30 Ítaliuævintýri Jamie Olivers (5:6) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.45 Bold and the Beautiful

16.40 Helgarsportíð 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (19:26) 18.08 Búi! (8:26) 18.16 Lubbi læknir (31:52)

18.30 Vistaskipti (19:26) (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strák og írsku stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.30 Svona var það (14:22) (That 70's Show)

20.55 Rætur guðstrúar (3:3) (The Story of God) Breskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum þar sem fjallað er um sögu mannkyns og tilraunir manna til að skilja Guð.

22.00 Tíufréttir

22.25 Glæpahneigð (13:22)

18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 The Simpsons (16:22) (Simpson fjölskyldan)

20.05 Extreme Makeover: Home Edition (12:25) (Hús í andlitslýftingu)

21.25 Related (15:18) (Systrabönd) (15:18)

22.10 Crossing Jordan (Réttarlæknirinn) (3:21) Jordan stofnar lífi sínu í hættu við rannsókn á snúnu fjöldamorði.

Þriggja drengja er saknað og líkin finnast hvert af öðru en það sem Woody og Dr. Macy vita ekki er hversu nákominn þeim leitinn er. Bönnuð börnum.

22.55 60 mínútur - NÝTT (60 Minutes)

### SIRKUS TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (1:24) (The Engagemet)

20.00 Entertainment Tonight

20.30 My Name is Earl (Didn't Pay Taxes)

21.00 Tekinn .

21.30 So You Think You Can Dance 2 Leit-

að er að besta dansara Bandarík-

anna. Dómaramir ferðast víða um

Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá

að fara til Hollywood þar sem niður-

skurðurinn heldur áfram. Þar fá dans-

ararnir að vinna með bestu danshöf-

undum landsins þar til að lokum

stendur einn eftir sem sigurvegari.

23.00 So You Think You Can Dance 2 0.10 Insider 0.40 24 (9:24) (e) 1.25 24 (10:24) (e) 2.10 Seinfeld (1:24) 2.35 Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.55 Game tívi (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil

18.00 6 til sjö

19.00 Melrose Place .

19.45 Trailer Park Boys (e)

20.10 Surface

21.00 Survivor: Cook Islands

22.00 Law & Order B

22.50 Jay Leno

23.35 C.S.I.: New York (e) 0.25 Casino (e) 1.15 Beverly Hills 90210 (e) 2.00 Melrose Place (e) 2.45 Östöndandi tónlist

### SKJÁR SPORT

18.00 Sheff. Utd. - Middlesbrough (e) Frá 30.09

20.00 West Ham - Reading (e) Frá 01.10

22.00 Að leikslókum Frá 02.10 (e) Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingnum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni. Leikskipulag, leikk-erfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hlöðum og með nýjstu tækni.

23.00 Tottenham - Portsmouth (e) Frá 01.10 1.00 Dagskrárlök

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e)

20.00 Nýtt í vikunni

21.00 Einbýlishús

22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 14.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 15.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 16.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 17.00 Sexiest Supermodels 18.00 E! News Weekend 19.00 Special Cameron Diaz: Sexy Angel 20.00 101 Guiltiest Guilty Pleasures 21.00 Sexiest Supermodels 22.00 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 23.30 Naked Wild On 0.00 Special Cameron Diaz: Sexy Angel 1.00 101 Guiltiest Guilty Pleasures 2.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttarátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# RENAULT

Vönduð frönsk hönnun  
Einstök þægindi  
Fallegir litir  
5 stjörnu NCAP öryggi  
Einstaklega sparneytinn  
Hlaðinn staðalbúnaði  
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan  
**kr. 20.961** á mánuði\*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum\*  
Vertu á flottum bíl  
Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

## STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00

## House of sand and fog

Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd. Myndin, sem byggð er á skáldsögu Andres Dubus III, segir af tveimur manneskjum sem grípa til örþrifaráða vegna eignarréttar á húsi. Massoud Amir Behrani, er íranskur innflytjandi sem eyðir öllum sínum fjármunum í að gifta dóttur sína. Þegar því er lokið eyðir hann afgangi sparifjár síns í hús en veit ekki af því að fyrrverandi eigandi hússins stendur í miklum lagadeilum. Massoud dregst inn í þessi átök sem brátt verða persónuleg. Með aðalhlutverk fara tveir Óskarsverðlaunahafar, þau Jennifer Connelly og Ben Kingsley.



## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

## Lausn á gátu gærdagsins

7	6	5	9	3	4	8	1	2
4	2	1	6	5	8	9	3	7
3	8	9	1	2	7	6	5	4
6	5	8	4	1	9	2	7	3
2	9	4	3	7	6	1	8	5
1	7	3	5	8	2	4	6	9
5	3	2	8	9	1	7	4	6
9	1	6	7	4	5	3	2	8
8	4	7	2	6	3	5	9	1

	3	7						
	1						4	6
			1	2				5
		9		2	4			
		9				3		
		2	5		3			
1				9	5			
4	9							6
						9	8	



▶ 20.05  
Spenna

SILVERADO

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 House of Sand and Fog (Bönnuð börnum) 8.05 Miracle 10.20 Divine Secrets of the Ya-Ya

12.15 Loch Ness 14.00 Miracle 16.15 Divine Secrets of the Ya-Ya

18.10 Loch Ness

20.00 House of Sand and Fog (Hús byggt á sandi) Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd. Myndin, sem byggð er á skáldsögu Andres Dubus III, segir af tveimur manneskjum sem grípa til örþrifaráða vegna eignarréttar á húsi. 2003. Bönnuð börnum.

▶ 22.05 Silverado Priggja stjarna vestri sem gerist á seinni hluta síðustu aldar. Bönnuð börnum.

0.15 Possible Worlds 2.00 Bet Your Life (Bönnuð börnum) 3.30 Silverado (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpssagan: Lygasaga 14.30 Miðdegistónar 15.03 Krossgötur 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 1

8.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamað 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Jazzhátíð Reykjavíkur 2006

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.45 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert með The Strokes 22.10 Skipt um gir 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

## BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-10 / Enginn viðbjóður



## INNKAUPAKORT VISA



- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil Innkaupakorts er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á [www.visa.is](http://www.visa.is) og hjá öllum bönkum og sparisjóðum. Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri

VISA

## HRÓSID ...



... fær Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir sem er fyrsti Íslendingurinn til að leika aðalhlutverk í Bollywood-mynd.

# Styttist í öfgasýninguna í Laugardal

Birgir Nielsen og Björgvin Rúnarsson flytja inn Extreme team, en þeir reka saman fyrirtækið 2B company. Extreme team skaust upp á stjórnheiminn þegar liðsmenn sýndu í hálfleikjum í NBA-deildinni í Bandaríkjunum. Sýningarnar hér á landi verða tvær, en þær fara fram í Laugardalshöllinni 18. nóvember. „Þetta eru allt miklir íþróttamenn,“ sagði Birgir í samtali við Fréttablaðið. „Hingað koma brjálaðir loftfíleikamenn, strákar sem slamdunka, eða troða körfuboltum í körfur eins og það heitir á íslensku. Svo eru þarna BMX-hjóla strákar, bestu breikarar Bandaríkjanna og gúmmímaður, sem getur farið úr öllum liðum sem fyrirfinnast í

líkamanum.“ sagði Birgir. Undir herlegheitunum þeytir svo margverðlaunaður bandarískur plötusnúður skífum. Birgir sagðist búast við mikilli aðsókn á sýningarnar. „Já, miðasalan á miði.is er þegar hafin og gengur rosalega vel.“

Í fylgd með Extreme team verður líka minnsta körfuboltaíð í heimi, Minihoops, en liðið skipa sex dvergar auk liðsstjóra í venjulegri stærð. „Þeir hafa ferðast út um allt, heimsótt barnspítala og barist gegn einelti,“ sagði Birgir, en hann segir þá vera fyndnasta körfuboltaíð í heimi. „Þeir eru trúflaðir. Af fjögur hundruð leikjum hafa þeir tapað ellefu,“ sagði Birgir, en Minihoops eru bókaðir fimm ár fram í



BIRGIR NIELSEN OG BJÖRGVIN RÚNARSSON eru komnir með umboðsmannasamning fyrir Extreme team í Evrópu.

tímann. Enn er þó ekki komið á hreint hverjir munu mæta dvergum í Laugardalshöllinni. „Ég

skora bara hér með á kvennalandsliðið í körfubolta að taka slaginn,“ sagði Birgir kátur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2 ofneysla 6 mannvaga 8 hversu 9 klettasprunga 11 rykkorn 12 kvittanir 14 ráma 16 í röð 17 dreift 18 ennþá 20 guð 21 velta.

## LÖÐRÉTT

1 hljóðleysi 3 tveir eins 4 ógætinn 5 fjór 7 háfið 10 svíf 13 þangað til 15 megin 16 húðpoki 19 núna.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2 óhót, 6 ós, 8 hve, 9 glá, 11 ar, 12 nótur, 14 ranka, 16 hi, 17 sáð, 18 enn, 20 ra, 21 snúð. LÖÐRÉTT: 1 þögn, 3 hh, 4 óvarkar, 5 fer, 7 sjónnn, 10 áta, 13 uns, 15 aðal, 16 hes, 19 ni.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum bls. 8

1. Ísland tapaði 0-4.
2. Dagný Jónsdóttir.
3. Indlandi.

Upplýsingar í síma 560 2626  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn 7.10.2006

5 14 15 37 38

Einfaldur  
1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 6

Jóker tölur vikunnar

Jóker 5 8 0 4 3

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 4.10.2006

Aðaltölur 1 12 19 28 29 32

Bónustölur Ofurtala Tvöfaldur  
24 37 6 1. vinningur næsta miðvikudag

Jóker tölur vikunnar

Jóker 9 9 4 9 4

1. vinningur gekk ekki út

Þú getur fengið þessa prentu.



SILJA OG SIGUR RÓS Hópurinn dvaldist í rúma viku í Svasílandi.

SILJA HAUKSDÓTTIR: VARÐ FYRIR OPINBERUN Í SVASÍLANDI

## Fordekraður Íslendingur fær misskiptingu í æð

Hljómsveitin Sigur Rós hélt fyrir tveimur vikum til Svasílands þar sem þeir félagar kynntu sér hjálparstarf UNICEF og lögðu sitt af mörkum í baráttunni gegn alnæmi. Silja og Sigur Rós voru þarna í heila viku og fylgdist leikstjórinn með strákunum hjálpa UNICEF að gera verk dagsins og hjálpa krökkunum að komast í gegnum daginn. Mikil neyð ríkir í Svasílandi en þar er hæsta hlutfall HIV-smitaðra í öllum heiminum.

Silja kom heim frá Afríkurlínu fyrir viku og var eiginlega enn að jafna sig eftir ferðalagið. „Ég var búin að undirbúa mig eins mikið og ég gat en það var voðalega erfitt þegar ég í raun vissi ekkert hvað ég var að fara út í,“ útskýrir Silja sem segir þetta hafa verið magnaða upplifun. „Ég var náttúrulega að mynda og reyndi að halda ákveðinni fjarlægð enda kom ég með til að miðla til Íslands en ekki upplifa,“ segir leikstjórinn en bætir síðan við að þegar hún hafi skoðað myndefnið hafi hún gert sér grein fyrir því hversu mikil neyðin í raun er í landinu. „Það var mjög erfitt að sjá þessar aðstæður sem fólkið lifir við og skrítið að vera fordekraður

Íslendingur sem fær síðan misskiptinguna beint í æð,“ segir Silja. „Þetta var hálfgerð opinberun.“

Silja segir að samtökin séu mjög von því að taka á móti hópum eins og þessum. Þarna hafi hins vegar ekki verið neitt símasamband og í hún vildi ræða við einhvern þá kostaði það klukkutíma bítlúr. „Við urðum í raun að kúpla okkur niður úr fimmta girnum frá Íslandi yfir í fyrsta gir með fjórhjóladrifi ef þannig má að orði komast,“ sagði Silja sem hugsanlega mun leggja land undir fót aftur en í undirbúningi er ferð hennar til Síerra Leóne og Gínea-Bissá.

freyrgigia@frettabladid.is

## Tískuvika í Reykjavík í nóvember

„Já, ég staðfesti það að Iceland Fashion Week mun fara fram hér á landi í byrjun nóvember en öll smáatriði eru í bígerð,“ segir Rafn Rafnsson, framkvæmda-

stjóri framleiðslufyrirtækisins Base Camp en það hefur tekið yfir uppsetningu tískuvikunnar í samvinnu við Fatahönnunarfélag Íslands.

Ísland er greinilega komið á kortið í tiskuheiminum því tiskuvikan var nefnd í grein í breska blaðinu Herald Tribune þar sem stiklað var á stóru um tiskuviku heimsins á borð við París, London og New York.

Þetta er sjöunda árið sem Iceland Fashion Week fer fram en Kolbrún Aðalsteinsdóttir hefur séð um uppsetningu viðburðarins fram að þessu. „Ég hef ákveðið að fara aftur til fyrri starfa og legg Iceland Fashion Week í hendurnar á þessu góða fólki,“ segir Kolbrún og segist kveðja stolt viðburðinn sem hún setti á laggirnar og vill þakka öllum þeim sem hafa lagt hendur á plóg

til að koma íslensku tiskuvikunni á kortið.

Það er vel við hæfi að Fatahönnunarfélagið komi að viðburði sem þessum þar sem þetta er mikill stökkpallur út í heim fyrir íslenska fatahönnun. „Allir innan félagsins ru tilbúnir að leggja á eitt til að gera tiskuvikuna sem glæsilegasta og höfum við alla burði til að hafa flottan tiskuviðburð hér á landi. Við erum mjög framarlega á þessu sviði í heiminum,“ segir Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélagsins, en ekki er ennþá búið að festa alla hönnuði sem munu taka þátt.

Erlent innkaupafólk sem og blaðamenn frá stærstu tímaritum heims munu koma hingað til lands í tilefni af tiskuvikunni. „Við viljum gera þetta að árlegum viðburði hér á landi. Iceland Fashion



GUNNAR HILMARSSON Segir að Fatahönnunarfélagið sé tilbúið að leggja á eitt til að gera þennan viðburð sem glæsilegastan.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lokahóf Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar fór fram með pomp og prakt í húsakynnum Landsbankans í Austurstræti á laugardagskvöld. Var þangað mættur rjóminn úr íslensku listalífi og fjölmargir aðrir góðborgarar. Meðal gesta mátti sjá Thor Vilhjálmsson rithöfund og Gunnar Eyjólfsson leikara spjalla saman; Jóhann Ásbjörnsson, oft kenndur við Idol, og Ármann Jakobsson miðaldafraeðingur áttu í hrókasamræðum. Þá blönduðu Árne Þórarinnsson rithöfundur, Dagur Kári Pétursson leikstjóri og Sólveig Anspach geði við fólk og Eyrún Magnúsdóttir, fyrrum sjónvarpskona, lét sig heldur ekki vanta.

Að lokahófinu loknu streymdu margir úr Landsbankanum rakleidis yfir á Nasa þar sem Frakkarnir í Daft Punk léku fyrir dansi. Stemningin var gríðarleg og höfðu margir á orði að þeir hefðu aldrei upplifað jafn mikið fjór við Austurvöll. Nokkrir úr stétt íslenskra plötusnúða voru mættir til að sjá hvernig starfsbræður sínir frá Frans báru sig að, þar á meðal DJ Margeir og Jón Atli Helgason. Á dansgólfinu mátti meðal annars sjá þær stóllur Elmu Lísu Gunnarsdóttur leikkonu og Silju Hauksdóttur leikstjóra, og Þórhallur Gunnarsson úr Kastljósi dansaði við Brynju sína Nordquist undir elektrónískum



KVEÐUR STOLT Kolbrún Aðalsteinsdóttir setti viðburðinn á laggirnar fyrir sjö árum en er nú búin að setja Iceland Fashion Week í hendurnar á Base Camp.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Week verður í slaggtogi með stærstu tiskuvikum heims,“ segir Gunnar brattur að lokum.

-áp

# VAXTALAUST

## OKTÓBER!

**20% AFSLÁTTUR**  
af öllum vörum  
ef þú kaupir dýnu!

Nú getur þú keypt þér alvöru amerískt heilsurúm frá **King Koil** og fengið að skipta því niður á allt að **12 mánuði VAXTALAUST** (Visa/Euro) ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.

Full búð af frábærum heilsukoddum, rúmteppum, sængurverum, sængum, yfirdýnum, hlífðardýnum og lökum á allar stærðir amerískra rúma.

COMFORT solutions®

By King Koil®

**VERDDÆMI**

Comfort solutions  
(Queen size 153x203 cm)

98.250 kr.

**8.177 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

3.677 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti



## Comfort solutions

by King Koil

- Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

PowerComfort™

## LÖKSINS Á ÍSLANDI

Fjölstillanleg rafmagnsrúm frá King Koil. Allar tegundir af dýnum: Latex, Memory foam (þrýstijöfnunar-svampur) og gormadýnur.

**VERDDÆMI**

Rafmagnsrúm  
(Twin XL 97x203 cm)  
149.000 kr.

**12.141 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

5.498 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti

**VERDDÆMI**

Himnasæng  
(Queen size 153x203 cm)  
119.400 kr.

**9.950 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

4.436 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti

**VERDDÆMI**

Höfðagafi leður+eik  
(Queen size 153x203 cm)  
38.170 kr.

**3.180 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

**VERDDÆMI**

Náttborð  
19.900 kr.

**1.658 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

**VERDDÆMI**

Mjög sterkur svefnsófi  
með góðri dýnu.  
98.000 kr.

**8.166 kr.**  
vaxtalaust  
í 12 mánuði!

3.668 kr. í 36 mánuði miðað við 16,85% breytilega vexti

Rekkjan  
Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðsla: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum ó morgun Átt þú miðo?



HAPPRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
800 6611 - www.hhi.is



## BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

### Að fjárfesta í útsæði

Völd á Íslandi eru fremur ódýr. Það kann að stafa af því að öld stjórnmalaflokka hafa rýrnað um mikinn mæli, en öld stórfyrirtækja og þeirra sem ráða fyrir miklu fjármagni aukist að sama skapi. Þegar lýðveldið var stofnað var það talinn sjálfsgæddur hlutur að efnahagslíf landsins væri á valdi stjórnmalaflokka; síðan hefur þróunin verið sú að umsvif og afkoma stjórnmalaflokka verður sífellt háðari kjölfestu-fjárfestum úr viðskiptalífínu.

**SÓMASAMLEG** kosningabarátta kostar ekki undir sextú milljónum. Kosningar á landsvísu eru á tveggja ára fresti - það gera a.m.k. þrjátíu millur í kosningahítina á ári. Ef kosningaúrslit eru hagstæð er ekki annað hægt að segja en það sé hundódyrt að komast til valda fyrir sextú milljónir - sem eru tæplega þrenn mánaðarlaun stjórnanda KB banka. En ofan á þessa tölu leggst auðvitað fastur rekstrarkostnaður, húsnæði, hiti, rafmagn, sími o.fl.

**MEIRIHLUTA** tekna sinna aflu stjórnmalaflokka með „frjáls-um framlögum“ frá fyrirtækjum og einstaklingum (og hugsjónafólki). Þeir sem leggja í kosningasjóði eru í „vinahópi“. Af sjálfu leiðir að aðilar sem ekki tíma að leggja í kosningasjóðinn eru EKKI í vinahópi. Leiðinleg umræða hefur verið um þessi „frjálsu framlög“ og stjórnmalaflokka gorta af því að þeir geri „ekkert sérstakt“ fyrir velunnara sína, þannig að greinilega eru áhöld um hvort „frjáls framlög“ í kosningasjóði séu skynsamleg fjárfestingarleið.

**NÚTÍMAFJÁRFESTAR** sem vilja eignast þingmann fjárfesta í útsæði en ekki uppskeru. Málið er að velja sér þingspiru. Framlög í kosningasjóði flokka orka tvímælis - ef upp komast - en framlög til prófkjörbaráttu eru milli vina. Og, þingó, eftir skamman tíma hefur spíran borið ávöxt og er orðin að pattaralegum nefndarformanni eða ráðherra - og getur með tíð og tíma og rétttri vökvun orðið að þungavígstarstjórnmalamanni sem getur haft sitt að segja um einkavæðingu, leyniþjónustu eða dómstóla. Þess vegna er fróðlegra fyrir áhugamenn um lýðræði að fylgjast með prófkjörsumsvifum einstakra þingspíra en þingkosningum - hvort sem mönnum geðjast betur „gullauga“ eða „rauðar íslenskar“.



## PALLBÍLL Á POTTÞÉTTU VERÐI!

Isuzu hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíll. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbýggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

Isuzu D-MAX hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!



Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab

Sjálfskiptur  
**2.590.000 kr.**

Beinskiptur  
**2.490.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 18.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7942

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

**ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKAARAR og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI!**

**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**EFTIRSÓTTASTA ÞAR LANDSINS**

**AEG**

www.ormsson.is

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800  
SMÁRALIND · Sími 530 2900  
AKUREYRI · Sími 461 5000  
KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBODSMÖNNUM UM LAND ALLT